



Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Borgarlögmaður

Reykjavík, 3. október 2025

MSS24020070

MINNISBLAÐ

Kröfulýsingu Reykjavíkurborgar fyrir óbyggðanefnd - Svæði 12, eyjar og sker

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 19. apríl 2023, var íslenska ríkinu tilkynnt að óbyggðanefnd hafi ákveðið að taka til meðferðar nýtt landsvæði, þ.e. svæði 12, eyjar og sker, sem tekur til landsvæða utan strandlengja meginlands Íslands. Hinn 2. febrúar 2024 birtist á heimasíðu óbyggðanefndar kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, vegna svæðis 12, eyjar og sker, þ. á m. hluti H, Suðvesturland.

Kröfulýsing íslenska ríkisins var í framhaldinu endurskoðuð í tvígang og eftir síðari endurskoðun veitti óbyggðanefnd landeigendum kröfulýsingarfrest fram til 14. febrúar 2025 til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd er tók til umrædds svæðis 12.

Íslenska ríkið taldi í kröfulýsingu sinni að allar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta H teldist þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur. Nánar tiltekið tók kröfulýsing ríkisins til fjölda nafngreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga og til ótilgreinds fjölda ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga. Þrátt fyrir að kröfulýsing íslenska ríkisins hafi ekki verið skýrlega afmörkuð mátti af henni ráða að íslenska ríkið gerði meðal annars kröfu um að Akurey, Þerney, Eiðisker, Selsker, Hákarlasker og ónafngreind sker milli Viðeyjar og Gufuness teldust til þjóðlendna.

Með hjálagðri kröfulýsingu Reykjavíkurborgar til óbyggðanefndar, dags. 14. febrúar 2025, var kröfulýsingu íslenska ríkisins í heild sinni hafnað. Jafnframt var með kröfulýsingu Reykjavíkurborgar lýst rétt sveitarfélagsins til eyjanna Akureyjar og Þerneyjar á grundvelli afsala þar um sem og með vísan til þess að tilvitnaðar eyjar eru innan netlaga annarra jarða Reykjavíkurborgar og liggja út fyrir landi í eigu Reykjavíkurborgar í skilningi 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Um eignarrétt sinn að skerjunum Eiðiskeri, Selskeri, Hákarlaskerjum og ónafngreindum skerjum milli Viðeyjar og Gufuness byggði Reykjavíkurborg á afsölum jarða sinna er skerin liggja út frá ströndum, sbr. einnig fyrrgreindan 2. kapítula rekabálks Jónsbókar.

Með bréfi íslenska ríkisins til óbyggðanefndar, dags. 12. september 2025, féll íslenska ríkið að verulegu leyti frá kröfum sínum, þar með talið frá öllum kröfum til framangreindra



Reykjavík



eyja og skerja er tilheyra Reykjavíkurborg. Af þessari breyttu afstöðu íslenska ríkisins er ljóst að þar með er ágreiningi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar vegna þar tilgreindra eyja og skerja lokið fyrir óbyggðanefnd.



Ebba Schram

Hjálagt:

1. Kröfúlýsing íslenska ríkisins, dags. 9. október 2024.
2. Kröfúlýsing Reykjavíkurborgar, dags. 14. febrúar 2025.
3. Bréf íslenska ríkisins, dags. 12. september 2025.



Reykjavík

KRÖFULÝSING
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA
F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS
UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 12;
EYJAR OG SKER

HLUTI H
SUÐVESTURLAND

EFNISYFIRLIT

1.	ALMENN ATRIÐI	3
2.	UM FRAMSETNINGU KRÖFULÝSINGAR OG KRÖFUGERÐAR	4
3.	ALMENNT UM H HLUTA KRÖFUSVÆÐIS, SUÐVESTURLAND	7
3.1.	Afmörkun kröfusvæðis	7
3.2.	Sveitarfélög á kröfusvæðinu	7
4.	KRÖFUSVÆÐI H, SUÐVESTURLAND	8
4.1.	Kjósarsýsla	8
4.2.	Gullbringusýsla	12
5.	KRÖFUSVÆÐI OG RÖKSEMDIR	17
5.1.	Almennt	17
5.2.	Nafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins	18
5.3.	Önnur svæði innan kröfu íslenska ríkisins	18
5.4.	Utan kröfu íslenska ríkisins	18
6.	ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI	20

KRÖFULÝSING
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA
F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS
UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 12,
EYJAR OG SKER

HLUTI H,
SUÐVESTURLAND

1. ALMENN ATRIÐI

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 19. apríl 2023, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka til meðferðar svæði 12, Eyjar og sker. Var íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 31. ágúst 2023. Var fresturinn framlengdur að beiðni íslenska ríkisins, til 1. desember 2023, 1. febrúar og loks til 2. febrúar 2024.

Málsaðili: Aðild að þessu máli á fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, f.h. íslenska ríkisins, sbr. 2. og 11. gr. laga nr. 58/1998. Samkvæmt 2. gr. laganna er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum, sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Í 11. gr. laganna er lögð sú skylda á fjármálaráðherra að hann fari með fyrirvar fyrir hönd íslenska ríkisins og stofnana á vegum þess, vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendna. Fyrirvar þetta er einnig talið ná til eignarlanda ríkisins á þjóðlendumörkum.

Fyrirvar: Lögmenn íslenska ríkisins í máli þessu eru Edda Björk Andradóttir, kt. 280676-5199, edda@juris.is, og Andri Andrasen, kt. 120284-2749, andriandra@juris.is, Juris slf., Borgartúni 26, Reykjavík, sími 580-4400.

Afmörkun kröfusvæðis: Svæði 12, Eyjar og sker, afmarkast með eftirfarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar dags. 19. apríl 2023:

Málsmeðferðin tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru innan eftirfarandi afmörkunar: Í fyrsta lagi á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar umhverfis meginlandið, Grímsey og Hvalbak skv. 1. mgr. 1. gr. laga um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Í öðru lagi innan landhelgismarka umhverfis Kolbeinsey samkvæmt sömu málsgrein.

2. UM FRAMSETNINGU KRÖFULÝSINGAR OG KRÖFUGERÐAR

Kröfulýsingu fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, á svæði 12 hefur verið skipt í eftirfarandi átta hluta:

HLUTI A, SUÐURLAND

HLUTI B, AUSTURLAND

HLUTI C, NORÐURLAND EYSTRA

HLUTI D, NORÐURLAND VESTRA

HLUTI E, VESTFIRÐIR UTAN BREIÐAFJARÐAR

HLUTI F, BREIÐAFJÖRÐUR

HLUTI G, VESTURLAND UTAN BREIÐAFJARÐAR

HLUTI H, SUÐVESTURLAND

Framsetningu kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12, Eyjar og sker, er ekki háttað með sama hætti og verið hefur í fyrri málum óbyggðanefndar.

Svæði 12, eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd, hefur verið skipt niður í framangreinda átta hluta eftir landshlutum og er sérstök kröfulýsing fyrir hvern og einn þeirra. Þótt sýslur séu ekki lengur gildar stjórnslucíningar á Íslandi er landshlutunum átta skipt upp eftir sýslum. Í hverri og einni kröfulýsingu er þannig fjallað um þann hluta hafsvæðis sem liggur að nánar tilteknum sýslum. Ástæða þessarar skiptingar er umfang svæðis 12, eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd, en svæði 12 tekur til alls hafsvæðis umhverfis meginland Íslands, Grímsey og Kolbeinsey, frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins til ytri marka landhelginnar.

Svæði 12 er einnig skipt með þessum hætti vegna umfangs yfirfarinna heimilda. Yfirferð heimilda vegna svæðisins var eðli málsins samkvæmt sérstaklega umfangsmikil enda taldist nauðsynlegt að fara yfir heimildir er tóku til alls svæðisins, sem og meginlandsins. Jarðabækur Árna Magnússonar og Páls Vídalín voru þannig allar yfirfarnar, sem og allar landamerkjabækur, sýslu- og sóknarlýsingar, og jarða- og fasteignamat fyrir allt landið. Tæplega sextíu Árbækur Ferðafélags Íslands, sem og tugir sérstakra heimilda um eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofan sjávar, voru jafnframt yfirfarnar. Heimildaskráning vegna svæðis 12 er vel yfir þúsund blaðsíður. Framangreind skipting svæðis 12 einfaldar framsetningu allra þessara heimilda.

Framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er jafnframt frábrugðin því sem verið hefur í fyrri málum að því leyti að kröfugerð ríkisins tekur bæði til fjölda nafngreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga og til ótilgreinds fjölda ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga.

Þessi framsetning skýrist af því að málsmeðferð á svæði 12 tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru. Fjölmörg hugtök eru notuð um slíkar landfræðilegar einingar, s.s. hólmar, flögur, boðar, drangar, rif, klettur, annes. Þrátt fyrir skýringar í orðabók getur reynst erfitt að heimfæra þessi hugtök á hinar mismunandi landfræðilegu einingar ofansjávar á stórstraumsfjöru. Fjöldi eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga umhverfis Ísland liggur ekki fyrir. Það eru því ekki bara eyjarnar á Breiðafirði sem eru ótaldar. Við undirbúning kröfugerðar þessarar varð hins vegar ljóst að einungis *nafngreindar* landfræðilegar einingar ofansjávar eru taldar í þúsundum.

Við gerð kröfúlýsingar var ákveðið að skipta eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegum einingum ofansjávar í þrjá flokka. Fyrst eru það eyjur sem eru eða hafa verið í byggð. Þá nafn- og ónafngreindar eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa tengsl við tiltekna jarðir. Loks eru það eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa óljós eða engin tengsl við jarðir á meginlandinu.

Í mörgum tilvikum er um að ræða eyjaklasa, en stærstu eyjaklasana við Ísland er að finna á Breiðafirði en Vestmannaeyjar eru einnig eyjaklasi. Þegar um slíka eyjaklasa er að ræða er í heimildum oftast vísað til tiltekinnar eyju sem heimaeyjar eða heimalands, en til annarra landfræðilegra eininga sem úteyja o.þ.h.

Með hliðsjón af þessum fjölda eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar við Ísland, og sérstöðu svæðisins gagnvart öðrum kröfufusvæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar fjallað um, er ljóst að ekki var unnt að beita hefðbundnum aðferðum við framsetningu kröfúlýsingar.

Við framangreint bætist að þegar svæði 12 var afmarkað og opnað af óbyggðanefnd lágu ekki fyrir neinar upplýsingar um afmörkun stórstraumsfjöruborðs og svæðið var því einungis afmarkað með appelsínugulri línu umhverfis meginlandið. Upphaflegar kröfúlýsingar íslenska ríkisins voru af þessum sökum eins víðtækar og raun bar vitni, þ.e. náðu til allra landfræðilegra eininga utan hinnar appelsínugulu línu, að undanskildum þeim sem unnt var að útiloka frá kröfúlýsingu á grundvelli 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð.

Í kröfúlýsingunum var reynt að tiltaka sérstaklega öll nafngreind svæði í kröfukaflanum. Fljótlega varð þó ljóst að mörg nafngreind svæði urðu útundan, auk þess sem ekki hafði verið unnt að staðreyna staðsetningu allra landfræðilegra eininga. Af þessum sökum voru uppfærðar og leiðréttar kröfúlýsingar sendar óbyggðanefnd þann 27. mars 2024.

Upptalning á kröfufusvæðum í kröfúlýsingum var hins vegar ekki tæmandi enda náðu kröfur íslenska ríkisins til allra eyja, skerja og landfræðilegra eininga ofansjávar utan stórstraumsfjöruborð meginlandsins og innan landhelginnar, að frátöldum þeim svæðum sem voru sérstaklega undanskilin í hverri kröfúlýsingu fyrir sig.

Við gerð kröfúlýsinga var þannig beitt svokallaðri útilokunaraðferð, þ.e. að þau svæði sem hægt var að útiloka voru sérstaklega undanskilin kröfúlýsingu. Fyrir lá að einstök svæði, sem sérstaklega var getið í kröfúlýsingum, gætu í reynd verið utan svæðis 12 en sérstaklega var bent á að þau væru þá eðli málsins samkvæmt undanskilin kröfum íslenska ríkisins af þeirri ástæðu einni. Þannig var gert ráð fyrir að ef í ljós kæmi að tiltekin eining, sem getið væri í kröfúlýsingu, félli í reynd innan stórstraumsfjöruborðs, þá væri hún sjálfkrafa undanskilin kröfúlýsingu.

Eftir að íslenska ríkið skilaði kröfúlýsingum 2. febrúar 2024, og í framhaldi opinberrar umræðu þar að lútandi, var af hálfu óbyggðanefndar hafin vinna við að afmarka svæði 12 betur með aðstoð og samstarfi ýmissa aðila sem almennt koma að kortagerð. Afrakstur þeirrar vinnu er kortasjá sem byggir á nokkrum kortagrunnum og loftmyndum, flokkað eftir bestu heimildum á hverjum stað, og sýnir fjörumörk umhverfis landið. Þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um hvenær myndirnar voru teknar er ekki hægt að fullyrða hvort kortasjáin sýni stórstraumsfjöruborð en fjaran nær a.m.k. eins langt og kortasjáin sýnir. Vegna þessa er rétt að taka fram að þar sem vafi lék á hvort tiltekið svæði væri innan stórstraumsfjöruborðs/netlaga, var landeigandi látinn njóta vafans.

Í kjölfar þessa hófst önnur endurskoðun á þjóðlendukröfum íslenska ríkisins og eru uppfærðar kröfúlýsingar nú lagðar fram. Í stað hefðbundinna kröfukorta verður kortasjáin aðgengileg öllum

til skoðunar. Í henni hafa þau svæði sem eru undanskilin kröfu íslenska ríkisins verið skyggð með gráu en bláar kröfulínur eru dregnar utan um þau svæði sem gerð er krafa til.

Komi fram frekari heimildir um mörk stórstraumsfjöru á svæðum innan kröfu íslenska ríkisins, verða þau tekin til endurskoðunar.

3. ALMENNT UM H HLUTA KRÖFUSVÆÐIS, SUÐVESTURLAND

3.1. Afmörkun kröfusvæðis

Hluti H liggur að eftirfarandi sýslum:

Kjósarsýsla

Gullbringusýsla

3.2. Sveitarfélög á kröfusvæðinu

Á kröfusvæðinu eru eftirfarandi sveitarfélög:

Kjósarhreppur var áður Kjósarsýsla. Enginn þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu. Íbúar sveitarfélagsins voru 285 árið 2023.

Reykjavíkurborg var kaupstaður fram til 1962 þegar hún breyttist opinberlega í borg. Þéttbýliskjarnar eru þrír; Reykjavík, Kjalarnes og Grundarhverfi. Íbúar sveitarfélagsins voru 139.875 árið 2023.

Mosfellsbær varð til 9. ágúst 1987 þegar Mosfellshreppur varð að bæjarfélagi. Einn þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu. Íbúar sveitarfélagsins voru 13.430 árið 2023.

Seltjarnarnesbær var áður Seltjarnarneshreppur hinn forni. Sveitarfélagið er einn þéttbýliskjarni. Íbúar sveitarfélagsins voru 4.674 árið 2023.

Kópavogsbær fékk kaupstaðarréttindi árið 1955 og Kópavogur er eini þéttbýliskjarninn. Íbúar sveitarfélagsins voru 39.810 árið 2023.

Garðabær var áður Garðahreppur sem varð til árið 1878. Garðabær fékk kaupstaðarréttindi 1. janúar 1976. Sveitarfélagið Álftanes sameinaðist sveitarfélaginu 20. október 2012. Í sveitarfélaginu eru tveir þéttbýliskjarnar; Garðabær og Álftanes. Íbúar sveitarfélagsins voru 18.891 árið 2023.

Hafnarfjarðarkaupstaður heyrði undir Álftaneshrepp en varð hluti Garðahrepps 1878. 1. júní 1908 fékk Hafnarfjörður kaupstaðarréttindi. Eini þéttbýliskjarninn er Hafnarfjörður. Íbúar sveitarfélagsins voru 30.568 árið 2023.

Grindavíkurbær. Eini þéttbýliskjarninn er Grindavík. Íbúar sveitarfélagsins voru 3.669 árið 2023.

Sveitarfélagið Vogar var áður Vatnsleysustrandarhreppur. Eini þéttbýliskjarninn er Vogar. Íbúar sveitarfélagsins voru 1.396 árið 2023.

Reykjanesbær varð til við sameiningu Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna 11. júní 1994. Þéttbýliskjarnar sveitarfélagsins eru þrír; Keflavík, Njarðvík og Hafnir. Íbúar sveitarfélagsins voru 22.059 árið 2023.

Suðurnesjabær varð til 10. júní 2018 þegar Sandgerðisbær og Sveitarfélagið Garður sameinuðust í eitt sveitarfélag. Þéttbýliskjarnar sveitarfélagsins eru tveir; Sandgerði og Garður. Íbúar sveitarfélagsins voru 3.925 árið 2023.

4. KRÖFUSVÆÐI H, SUÐVESTURLAND

4.1. Kjósarsýsla

4.1.1. Eyjur í byggð

4.1.1.1. Viðey

Í Jarðabók segir m.a. um Viðey:

Klaustur, hospital og kirkjustaður. Eigandi kóngl. Majestat. Bú frá Bessastöðum. Enginn ábúandi.¹

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Viðey:

Viðey, er mikil og merkileg eyja, vestarlega á Kollafirði, hér um bil 1/6 viku undan landi; hún er öll grasi vaxin, víðast hvar þýfð, en einkar grasgefin. Helstu kostir hennar eru: Æðarvarp mikið og afbragðsmikill heyskapur og einhvörr enn besti heykostur.²

Viðey, 120 hndr.; hún liggur í útnorður frá Gufunesi og í norður fram undan Elliðaárvogi; hennar er að nokkru áður getið. Eyja þessi liggur í Seltjarnarneshrepp. Þar er kirkja með steinveggjum og tréþaki, og er þar messað 1/10 hvörn helgan dag.³

Í Árbók Ferðafélagsins 1936 segir m.a.:

Allar eru eyjarnar í Kollafirði grasivafðar, frjósamar og gagnsamar. Varp er í þeim öllum nema Effersey, og var þó meira fyrrum, meðan umferð var minni um sundin. [...] Engey, Viðey og Þerneý hafa verið byggðar frá fornu fari. Þerneý mun þó öðru hvoru síðustu áratuginu hafa verið nytuð úr landi.⁴

Frá Engey var fyrrum mikið útræði og bjuggu þar þá ýmsir nafnkunnir sjósóknarar og aflamenn. Viðey er langstærst allra eyjanna og á sér líka mesta sögu þeirra. Eyjarinnar finnst þó ekki getið fyrr en í jartegnabók Þorláks biskups. Þar segir frá því, að biskup kom af músagangi miklum í eyjunni, sem spilltu „kornum ok ökrum svá at varla mátti við búa“. Sést af þessu, að þá hefir verið mikil kornyrkja í eyjunni. Árið 1226 keypti Þorvaldur Gissurarson í Hrúna Viðey og setti þar á stofn klaustur af Ágústínusarreglu. Var Viðeyjarklaustur síðan eitt af stærstu og merkustu klaustrum landsins allt til siðaskipta. Diðrik frá Mynden fór ránsferð til klaustursins á hvítasunnudag 1539 og rak munkana þaðan í burtu. Eftir siðaskiptin var Viðey um langt skeið einskonar útibúi frá Bessastöðum, en 1751 var ákveðið

¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Kjósarsýsla (III. bindi), bls. 303.

² Sögufélag, Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. 2007. Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 144.

³ Sögufélag, Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. 2007. Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 154.

⁴ Ferðafélag Íslands, höfund vantar. 1936. Árbók: Nágreppi Reykjavíkur, bls. 82-85.

að jörðin skyldi verða embættisbústaður landfógeta, sem þá var Skúli Magnússon. Árið eftir var byggt þar stórt steinhús, Viðeyjarstofa, sem enn stendur, og nokkru síðar var þar enn byggð lítil steinkirkja, sem einnig er við líði enn í dag. Seinna bjó Ólafur Stephensen stiftamtmaður í eyinni og afkomendur hans eftir hann. Viðey er mest á langveginn frá norðvestri til suðausturs. Eyjan er hólótt og mishæðótt, og er hún 32 m yfir sjó þar sem hún er hæst. Hamrar eru víða með sjónum. Vesturhluti eyjarinnar er nærri skilinn frá austurhlutanum og tengir þá aðeins mjótt eiði. Bærinn stendur um miðja eyna. Er sennilegast að klaustrið hafi verið þar sem bærinn er nú, þótt sumir telji, að það hafi verið nokkru norðar á eyinni. Aðallendingin mun hafa verið beint niður af bænum, þar sem heitir Bæjarvör. Við sjávangötuna er hóll, sem Þvotthóll heitir. Segir sagan, að þar hafi kistur þeirra manna, er kosið höfðu sér leg að klaustrinu, verið þvegnar áður en þær voru bornar til kirkju. Heljarskinn heitir klettabrekka í túninu fyrir austan bæinn. Þar er klettaskora og sæti í, og er það kallað Ábótasæti. Gönguskarð heitir þar sem gengið er upp á kinnina. Þar voru dysjaðir fjórir Danir, sem vegnir voru þar eftir víg Diðriks af Mynden. Sundklöpp heitir þar sem eyjan gengur næst landi gagnart Vatnagörðum. Þaðan voru hestar sundlagðir yfir Viðeyjarsund, en frá Sundbakka austast á eyjunni yfir að Gufunesi. Kvennagönguhólar heita hólar suður af túninu og ganga sagnir af því, að þar hafi huldufólk búið. Þórsnes heitir suðvesturhornið á eyjunni. Mörg örnefni fleiri eru í Viðey, sem hér eru ekki talin, en í þeim, sem hér voru nefnd, geymast minjar frá ýmsum tímum, bæði úr heiðni og kristni. Suðaustast á Viðey var snemma á þessari öld reist útgerðarstöð og byggðist þar dálítið þorp umhverfis hana. Var þar allmikill atvinnurekstur um eitt skeið, en hefir færzt mjög saman hin síðari árin.⁵

4.1.1.2. Þerney

Í Jarðabók segir m.a. um Þerney:

Jarðardýrleiki er óviss. Eigandinn Kóngl. Majestat. Ábúandinn Kolbeinn Hendriksson. [...] Heimilismenn vi. Torfrista og stúnga er eydd í eyjunni að mestu og því sókt á fastaland, og liggur þar annar helmíngur þessarar jarðar. [...] Fuglveiði lítil af lunda meinast vera mætti. Eggver lítið af æð og kríu, hefur til forna enn minna verið. Rekavon lítil. Sölvafjara lítil, nægir ekki heimamönnum. Hrokkelsafjara nokkur. Fjörugrös nokkur. Þángtekja er stundum brúkuð til eldiviðar og er þó af skorti. [...]⁶

⁵ Ferðafélag Íslands, höfund vantar. 1936. Árbók: Nágreppi Reykjavíkur, bls. 82-85.

⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Kjósarsýsla (III. bindi), bls. 329-330.

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Þerney:

Þerney liggur í vík einni innarlega á Kollafirði, milli Gunnuness og Álfsnesshöfða, á að getska 1/10 viku frá landi.⁷

Þerney, 15 hndr., í vestur frá Álfsnesi, er snotur eyja, en ekki stór. Hún er öll grasi vaxin, og að vestanverðu er hún láglend og grasgefin, er að austan hálend, sendin og snöggglend; í henni er æðarvarp og töðufall gott. Niðurkot, 5 hndr., nefndist líka áður Sundakot, sunnanvert við Þerneyjarsund, og er enn hjáleiga frá Þerney, og Víðirnes, 10 hndr., í suður frá Glóru, norðanvert við Leiguvoga, lá áður undir Þerney og var sameiginlega kóngseign, en er nú sérstök eign.⁸

Í Árbók Ferðafélagsins 1936 segir m.a.:

Allar eru eyjarnar í Kollafirði grasivafðar, frjósamar og gagnsamar. Varp er í þeim öllum nema Effersey, og var þó meira fyrrum, meðan umferð var minni um sundin. [...] Engey, Viðey og Þerney hafa verið byggðar frá fornu fari. Þerney mun þó öðru hvoru síðustu áratuginna hafa verið nytkuð úr landi.⁹

Þerney mun þó öðru hvoru síðustu áratuginna hafa verið nytkuð úr landi. Kirkjur voru áður bæði í Engey og Þerney, sem nú eru aflagðar fyrir löngu.¹⁰

4.1.2. Heimildir um eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofan sjávar sem heyra undir jörð

4.1.2.1. Andríðaey

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Hof:

Ey á jörðin hálfa móts við Brautarholt, sem Andríðaey heitir, þar á jörðin slægjur og eggvers von nokkra, sem nú um stundir mjög er gagnlítill, en hefur áður betra verið. Til dúntekju á eyjunni er ekki að telja. [...] Engjar eru öngvar nema á eyjunni.¹¹

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Brautarholt:

Kirkjustaður. [...] Andríðaey hálfa á jörðin móts við Hof og hefur hjer heyskap. Sölvafjara er á eyjunni góð. Item fjörugrös lítill, og hjer meina menn að selveiðin mætti vera sem áður er getið. Eggver hefur hjer áður nokkuð

⁷ Sögufélag, Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. 2007. Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 144.

⁸ Sögufélag, Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. 2007. Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 152.

⁹ Ferðafélag Íslands, höfund vantar. 1936. Árbók: Nágrenni Reykjavíkur, bls. 82-85.

¹⁰ Ferðafélag Íslands, höfund vantar. 1936. Árbók: Nágrenni Reykjavíkur, bls. 82-85.

¹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Kjósarsýsla (III. bindi), bls. 355.

verið á eyjunni, nú valla teljandi. Til dúntekju er ekki á eyjunni að telja. Engjar öngvar á jörðin aðrar en eyjuna. Landþröng í mesta máta.¹²

Í landamerkjabréfi fyrir Brautarholt ásamt jörðunum Bakkaholti, Brekku, Arnarholti, Mýrarholti og Prestshúsum segir m.a.:

Ennfremur fylgir Brautarholti Bleikdalur allur sunnan Bleikdalsár, suður austur á fjallsbrún eins og vötnum hallar, ennfremur Andriðsey á Hvalfyrði.¹³

4.1.2.2. Kjósar- og Marjusker

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

Að vestanverðu við Laxavog í firðinum er Kjósar- eður Marjusker; það á kirk<j>an á Reynivöllum. Selaveiði hefur þar verið stunduð í fornöld, en minna á seinni tímum. Hrognkelsaveiði mætti þar og vera.¹⁴

Í landamerkjabréfi fyrir Reynivelli segir m.a.:

[...] Reynivallakirkja á samkvæmt Gísla máldaga og öðrum skjölum. Laxveiði í Laxá í Kjós frá sjó upp að og í Laxfossi að þriðjungi, Kjósarsker, Kastarskurð, í Vindás landareign í Þorláksstaðalandi, þriðji í Valdastaðalandi. [...]¹⁵

Í Árbók Ferðafélagsins 1985 segir m.a. um Reynivelli í Kjós:

Reynivellir (Í Kjós): Laxvogur Utan til í Laxvogi, rétt sunnan við miðju, er Maríusker, sem tilheyrir hefur Reynivöllum frá alda öðli. Norðan til í voginum innanverðum er Hálshólmi neðan við Hálsbæina. Utan og norðan við þá er svo Búðasandur, sem nú verður vikið að.¹⁶

4.1.3. Eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem heyra ekki undir jarðir

4.1.3.1. Lundey

Í Jarðabók segir m.a. um Lundey:

Lundey er umflotið land, öngri sjerdeiliss jörðu tilheyrandi, liggur á Kollafirði fyrir sunnan Kjalarnes, og er engin bygd. [...] Frá eyjunni er skemst til lands upp að Þerney [...].¹⁷

¹² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Kjósarsýsla (III. bindi), bls. 361.

¹³ Gullbringu- og Kjósarsýsla, landamerkjabók 1885-1969, bls. 94.

¹⁴ Sögufélag, Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. 2007. Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 171.

¹⁵ Gullbringu- og Kjósarsýsla, landamerkjabók 1885-1969, bls. 115.

¹⁶ Ferðafélag Íslands, Páll Línal, Tómas Einarsson, Jón Jónsson, E.J. Stardal, Ingvar Birgir Friðleifsson, Gunnar Kristjánsson og Agnar Ingólfsson. 1985. Árbók: Þættir um nágrenni Reykjavíkur, bls. 188

¹⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Kjósarsýsla (III. bindi), bls. 382.

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

Lundey, lítil eyja í vestur útnorður frá Þerney; hún er óbyggð, en öll grasi vaxin. Þar er lundatekja mikil, en þykir ekki vera byggileg vegna vatnsleysis. Hún er árlega höfð til slægna og er leigð við 50-70 rdl. árlegu eftirlitsgjaldi, því hún er kölluð konungseign. Hún mun gefa af sér 3-4 kúafóður af heyi á ári hvörju.¹⁸

4.2. Gullbringusýsla

4.2.1. Eyjur í byggð

4.2.1.1. Engey

Í Jarðabók segir m.a. um Engey:

Eigandi Elen Hákonardóttir. Ábúandi Jón Þórðarson.¹⁹

Með landskiptagiörð fyrir Engey dags. 19. júlí 1919 var eynni skipt í 2/3 – 1/3 hluta, þ.m.t. hagbeit, æðarvarpslandi, slægjulandi, reka, þangfjörum o.fl. svo að hvor geti hagnýtt sinn eignarhluta, sem sjálfstæð eign væri. Vegir voru óskiptir til sameiginlegra afnota en viðhaldi skipt í hlutfalli við jarðarmagn. Lendingar voru jafnframt til sameiginlegra nota og viðhalds fyrir báða.²⁰

Í Árbók Ferðafélagsins 1936 segir m.a.:

Allar eru eyjarnar í Kollafirði grasivafðar, frjósamar og gagnsamar. Varp er í þeim öllum nema Effersey, og var þó meira fyrrum, meðan umferð var minni um sundin. [...] Engey, Viðey og Þerney hafa verið byggðar frá fornu fari. Þerney mun þó öðru hvoru síðustu áratugina hafa verið nytkuð úr landi.²¹

Þerney mun þó öðru hvoru síðustu áratugina hafa verið nytkuð úr landi. Kirkjur voru áður bæði í Engey og Þerney, sem nú eru aflagðar fyrir löngu.²²

4.2.2. Eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofan sjávar sem heyra undir jarðir

4.2.2.1. Geirfuglasker

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Hvalsnes:

Fuglveiði og eggver ekkert nema ef sótt væri til Geirfuglaskers, sem presturinn þykist heyrt hafa kirkjunni eignað að nokkrum parti, en þangað

¹⁸ Sögufélag, Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. 2007. Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 144.

¹⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Gullbringusýsla (III. bindi), bls. 257.

²⁰ Gullbringu- og Kjósarsýsla, landamerkjabók 1885-1969, bls. 94.

²¹ Ferðafélag Íslands, höfund vantar. 1936. Árbók: Nágrenni Reykjavíkur, bls. 82-85.

²² Ferðafélag Íslands, höfund vantar. 1936. Árbók: Nágrenni Reykjavíkur, bls. 82-85.

er háskaför so mikil, að það hefur um langar stundir ekki farið verið, en meinast þó alfært, ef ekki baggaði áræðiss og atorkuleysi.²³

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

Kirkjan í Höfnum er annexía frá Útskálum nú, en áður lá hún til Hvalsnessprestakalls; hún er í Kirkjuvogi, er timburhús, sem tilheyra 6 málnytukúgildi; gelst eftir þau hálf leiga, en hálf fellur niður fyrir ábyrgð og viðhald; hún á 1/3 part í heimlandi, reka frá Ósum til Klaufar, 5 álna tré og þaðan af stærri annað hvört ár, samt hálf Geirfuglasker; er byggð fyrir fáum árum.²⁴

Á Kirkjubóli var áður hálfkirkja eða bænahús, sem síðar var af tekið. Eftir máldögunum átti Péturskirkja að Kirkjubóli xl hndr. í heimalandi, fjórðung í Geirfuglaskeri og viðreka allan á Skarðaurð.²⁵

Kirkjan á eftir máldögunum ½ í heimalandi, reka frá Ósum til Klaufar, samt hálft Geirfuglasker. [...] Í Kirkjuvogi er útræði mikið og sjósókn eins og víðar í Höfnunum. Kirkjuvogssund er þrautgott, en langt og ógurlegt í brimum; snúningar á því eru lakari og lending. Hásteinar eru þar blindsker, spottakorn fyrir sunnan sundið; liggur til austurs í land, til þess við er snúið og haldið í suður.²⁶

Geirfuglasker er í vesturhafinu undan Eldey. Þangað fóru menn í fyrri daga til geirfugladráps, en nú eru öngvir uppi, sem geti gefið vissar sögur um arðsemi þess eða lögun, lending eða afstöðu. Fyrir nokkrum árum var gjörð þangað ferð á þiljuskipi, og varð til lítils. Sagt er, að menn hafi gjört þangað ferðir fyrir og eftir slátt á sumri og hafi vel lukkast, og í mæli, að mannshlutur þaðan hafi verið fullt svo mikill sem sumarkaup fullkomins manns úr Norðurlandi.²⁷

Eftir það ég sendi félaginu lýsingu yfir Útskálaprestakall, hefi ég fengið þessa nákvæmari upplýsingu um Geirfuglasker, sem hvað það áhrærir, mætti mäske, ef sýndist við bæta: Síðan eldur brann seinast (árið 1830) fyrir Reykjanesi, hefir Geirfuglasker smám saman lækkað og er nú sígið í sjó, að ekkert sést á það um flóð, en um fjöru koma 3 sker upp sem að eru ávöl og umflotin, hvert hjá öðru, en þó ós á milli þeirra, en umhverfis er þá allt einn brimgarður. Í vestur frá skerinu (en ekki í suður) er Skerdrangi, og hér um bil ½ míla á milli. Frá Eldey að Geirfuglaskeri eru 2 mílur, en frá Reykjanesi

²³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Gullbringusýsla (III. bindi), bls. 43.

²⁴ Sögufélag, Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. 2007. Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 61.

²⁵ Sögufélag, Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. 2007. Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 77.

²⁶ Sögufélag, Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. 2007. Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 86.

²⁷ Sögufélag, Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. 2007. Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 89.

og að (ysta) blindskeri því, sem eldurinn kom upp í, eru 7 mílur. Sést bóla ofan á þetta sker um fjöru, en 4ra fóta vatn um flóð. Mun skerið hafa verið hér um 60 f. á hvern veg, eftir sem það hefir verið mælt, sem sjór á brýtur, en mikið minna er, sem á sést, og ekki nema lítið eitt, er bólar á um fjöru. Þykir hættusöm leið á milli Geirfuglaskers og Eldeyja vegna strauma og grynninga, og fara kaupskip sjaldan eða aldrei, heldur annað hvort fyrir sunnan blindskerið eða innan Eldeyjar. Liggur rif frá Eldeyjum í Geirfuglasker og misdýpi mikið þar í kring; framundan dranga er 7 f. djúp minnst.²⁸

4.2.3. Jarðir sem eiga réttindi í ónafngreindum landfræðilegum einingum

4.2.4. Aðrar landfræðilegar einingar sem getið er í heimildum

4.2.4.1. Sker milli Staðar og Húsatótta

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

Á milli Staðar og Húsatótta [bæir], þó nær Stað, og rétt í austur þaðan er höfn sú eður skipalega, er forðum var sigld upp í Grindavík. Eru 2 festarhringir með boltunum, sá að austan og norðanverðu enn þá óbrjálaður í skerjum þeim, er Húsatóttum tilheyra, en hinn þriðji boltinn, úr hverjum hringurinn er farinn, er á Staðarlóð í skeri austur af Sjávarhúsum.²⁹

4.2.4.2. Eldeyjar

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

Eyjar er hér óviðkomandi, þar Eldeyjar tilheyra Kirkjuvogssókn eða Höfnunum.³⁰

Eldey er klettur stór í hafinu í vestur frá Reykjanesi um 3 vikur sjávar; það er mestpartinn hengiberg með fáum hillum; að austan má lenda við klöpp í ládeyðu, og er þvert niður með henni 9 faðma djúpt. Skerjahryggur með 2 ósum inn í liggur í hálfhring til útnorðurs og vesturs frá nefndri klöpp; tvö sker eru í boga þessum, hann kemur upp með hálfköllnum sjó. Klöppin er um 3 eða 4 ljábrýnur að stærð eða 80 ferskeyttra faðma. Klettur þessi, það til lands veit, mun vera að ágeskun vel svo 100 faðma langur, um 40 að norðan, en á sjósíðuna (nefnil. vestan) 80 til 90 faðma og suðurhornið 15 til 20 faðma, hæðin eftir ágiskun 90 til 100 faðmar mest, móberg með blágrýti neðst, öllum mönnum ógengt. Slý er mikið á klöppinni og því hættulegt upp að komast, sem er um 2g[gj]a faðma hæð um fjöru, og er þá skást að lenda. Súgur er þar mikill og iðukast. Fugl er mikill á nefndri klöpp, og á einni hillu

²⁸ Sögufélag, Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. 2007. Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 92-93.

²⁹ Sögufélag, Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. 2007. Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 46.

³⁰ Sögufélag, Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. 2007. Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 51.

stórri upp undan, sem ekki verður upp á komist, egg, en súla mest upp á eyinni. Maður, sem þangað hefur farið nokkur vor, segist hafa náð þar mest 10 í hlut af svartfugli, 2 og 3 af súlu, - 24 geirfuglum alls á skip langmest, en optast 5 til 8, en einustu 2 vorin hafi hann ekki sést – og 100 í hlut af eggjum. Lítið er þar af sel, en afarstyggur. Skammt frá Eldey er klettur í útsuður, kallaður Eyjadrangi, sem hvergi verður uppá komist, enda er hann gæðalaus. Geirfuglasker er í vestur í hafinu undan Eldey. Þangað var ferðast í fyrri tíð til geirfugladráps, en engir eru nú uppi hér um, er menn geti fengið vissar sögur um arðsemi þess eða lögun, lending eða afstöðu. [...] Í suður frá skerinu er klettur, sem kallast Skerdrangi, en í vestur frá því eða til útnorðurs hefur brunnið í hafinu fyrir fáum árum. Í mæli er, að 12 vikur sjávar séu úr Höfnum í skerið, en 6 til Eldeyjar.³¹

Eldey er stór klettur í hafinu í vestur frá Reykjanesi, um 3 vikur sjávar; það er mestpart hengiberg með hillum. Að austan má lenda við klöpp í ládeyðu, og er þvert niður með henni 9 faðma djúp. Skerjahringur með 2 ósum inn í liggur í hálfhring til útnorðurs og vesturs frá nefndri klöpp. 2 sker eru í boga þessum; hann kemur upp með hálfköllnum sjó; klöppin er að stærð 80 ferf. – Klettur þessi, það til lands veit, mun vera að ágiskun rúml. 100 f. langur, en 40 að norðan, en á sjóðsíðuna, það kalla ég á vesturhliðina, 80 a 90 f., og suðurhornið 15 a 20 f. Hæðin eftir ágiskun 100 f. móberg, með blágrýti meðfram, öllum mönnum ógengt. Slý er mikið á klöppinni, og því hættulegt upp að komast. Er 2ja faðma hæð upp á hana um fjöru, og er þá skást að lenda við eyna; súgur er þar mikill og iðukast. Fugl er mikill á nefndri klöpp, og á einnri hillu stórri uppundan, sem ekki verður upp á komist, egg, en uppi á eyjunni mest súla. Mest hafa fengist þar á seinni tímum 24 geirfuglar í einu, en í 2 skipti seinast ekki sést. Hafnamenn eru vanir að fara þangað á vorin eftir fugli og eggjum. Selur er þar styggur. Skammt frá Eldey er klettur í útsuður, kallaður Eyjadrangi, sem hvörgi verður upp á komist, enda er hann gæðalaus.³²

4.2.4.3. Kerlingarsker

Í landskiptabók Kjósarsýslu segir m.a. um Nes við Seltjörn:

Neseigninni eru talin fylgja útskerin Kerlingarsker vestur af Suðurnesi og Löngusker á Skerjafirði.³³

Útskerin Kerlingarsker og Löngusker og Bakkatjörn. – Sje framræsla auðveldari með því að fara gegn um annars land, skal það heimilt, með sem minstum skemdum á því landi, að hjá má komast.³⁴

³¹ Sögufélag, Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. 2007. Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 65-67.

³² Sögufélag, Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. 2007. Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 89.

³³ Gullbringu- og Kjósarsýsla, landamerkjabók 1885-1969, bls. 87.

³⁴ Gullbringu- og Kjósarsýsla, landamerkjabók 1885-1969, bls. 89.

4.2.4.4. Akurey

Í Jarðabók segir m.a. um Nes:

Fóðrast kann á grasnautn þeirri, er heimabóndinn sjálfur yrkir, af túnunum og eyjunni, sem Akurey heitir, viii kýr. [...] Engjar eru öngvar nema ey sú, er áður greinir og Akurey heitir.³⁵

Í landamerkjabók segir m.a. um eyjarnar Akurey og Gróttu:

Eyjarnar Akurey og Gróttu eru fyrir nokkru orðnar sjereignir, með öllu lausar við Neseignina.³⁶

4.2.5. Eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofan sjávar sem getið er í heimildum

Engar heimildir hafa fundist um aðrar eyjur, sker eða aðrar landfræðilegar einingar ofan sjávar í Eyjafjarðarsýslu.

³⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Gullbringusýsla (III. bindi), bls. 239.

³⁶ Gullbringu- og Kjósarsýsla, landamerkjabók 1885-1969, bls. 87.

5. KRÖFUSVÆÐI OG RÖKSEMDIR

5.1. Almennt

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að allar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsföruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta H, Suðvesturland, teljist þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Tekur krafa ríkisins til allra nafngreindra og að öðru leyti tilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem taldar eru í kafla 5.2 og allra annarra ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga, sbr. kafla 5.3. Í kafla 5.4 eru taldar þær eyjar sem krafa ríkisins tekur *ekki* til.

Byggt er á því að þær eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem krafa ríkisins tekur til, sbr. kaflar 5.2 og 5.3, hafi verið utan landnáms. Í Landnámu er einstakra kröfusvæða ýmist ekki getið eða getið án þess að unnt sé að ráða hvort þar hafi menn hafið búsetu eða einungis farið þar um. Af frásögnum Landnámu verður því ekki ráðið að landnám hafi náð til kröfusvæðanna. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim lýsingum um stofnun beins eignarréttar yfir svæðunum í öndverðu. Verði talið að svæðin kunni að hafa verið numin í heild eða að hluta er á því byggt að það hafi verið til takmarkaðra nota, eða þá hitt, að beinn eignarréttur, sem þannig kann að hafa stofnast í öndverðu, hafi fallið niður og svæðin síðar verið tekin til takmarkaðra nota annarra.

Á því er einnig byggt að af fyrirliggjandi heimildum, sbr. kafla 4 hér að framan, verði ekki ráðið að stofnast hafi til beins eignarréttar að kröfusvæðunum með öðrum hætti. Af fyrirliggjandi heimildum verður ekki annað ráðið en að því marki sem kröfusvæðin hafa verið nýtt þá hafa þau eingöngu verið nýtt með takmörkuðum hætti eða til nýtingar á tilteknum hlunnindum, í flestum tilvikum til beitar, fuglaveiði og eggjatöku. Þrátt fyrir að heimildir bendi til þess í einhverjum tilvikum að tilteknar jarðir eða tilteknir aðilar hafi kallað til réttinda á einstökum kröfusvæðum, þá benda þær heimildir ekki til þess að slíkt tilkall hafi eða geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst er hvernig viðkomandi jarðir eða aðilar voru tilkomnar að þeim réttindum.

Þá er á því byggt að landfræðilegar aðstæður bendi sérstaklega til þess að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að kröfusvæðunum. Um er að ræða eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa verið og eru ekki vel fallnar til búsetu, þrátt fyrir að eftir atvikum hafi verið unnt að hafa af þeim ýmsar nytjar. Að því marki sem heimildir benda til þess að búseta hafi verið á kröfusvæðunum virðist hafa verið um að ræða takmarkaðar og stopular tilraunir þar að lútandi.

Vísast hér að öðru leyti til 4. kafla kröfulýsingar þessarar, þar sem teknar hafa verið saman fyrirliggjandi heimildir um hvert svæði.

Tekið skal fram að kröfulýsing þessi byggist á þeim heimildum sem liggja fyrir við gerð kröfulýsingarinnar og ber því ekki að líta svo á að um sé að ræða tæmandi umfjöllun eða rökstuðning fyrir kröfugerð íslenska ríkisins.

Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og Landsréttar, eftir því sem við á, sem og til almennra niðurstaða óbyggðanefndar, með viðaukum, sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar.

5.2. Nafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að eftirfarandi nafngreindar og að öðru leyti tilgreindar eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta H, Suðvesturland, teljist þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998:

1. Akurey
2. Andríðaeý
3. Eldey
4. Geirfuglasker
5. Hólmar norðan og vestan Álftness
6. Hólmar við Kjalarnes
7. Kerlingasker
8. Kjósar- eða Maríusker
9. Lundey
10. Sker milli Staðar og Húsatóttar
11. Þerney

5.3. Önnur svæði innan kröfu íslenska ríkisins

Af hálfu íslenska ríkisins er áréttað að auk framangreindra nafn- og tilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar tekur krafa ríkisins jafnframt til allra annarra ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta H, Suðvesturland. Fyrir liggur að um slík svæði er að ræða, en að um þau er ekki fjallað í heimildum og þau ekki merkt á kort, þannig að unnt sé að nafngreina eða tilgreina þau með öðrum skýrum hætti.

Tekið er fram að áskilinn er réttur til að bæta eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegum einingum inn í kafla 5.2 kröfulýsingar þessarar um nafngreind og að öðru leyti tilgreind svæði, eftir því sem heimildaöflun og rannsóknarvinnu vindur fram undir rekstri málsins. Af hálfu ríkisins er litið svo á að í slíku muni ekki felast aukning á kröfum ríkisins, heldur að svæði séu færð úr kafla 5.3 um ónafngreind svæði í kafla 5.2 um nafngreind svæði.

5.4. Utan kröfu íslenska ríkisins

Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins tekur ekki til eyjanna *Engeyjar* og *Viðeyjar* í Kollafirði. Er í því sambandi meðal annars litið til þess að um er að ræða eyjur sem voru í byggð í meira en 20 ár frá gildistöku laga nr. 46/1905 um hefð. Tekið er fram að hér er aðeins átt við meginland ofangreindra eyja.

Þjóðlendukrafa ríkisins nær hins vegar til allra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar á stórstraumsfjöru umhverfis eyjurnar, þrátt fyrir að slíkar landfræðilegar einingar kunni í einhverjum heimildum að teljast tilheyra eyjunni eða vera hluti hennar. Sjá að öðru leyti kafla 5.2 og 5.3 kröfulýsingar þessarar.

Vakin er athygli á því að margar eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar bera sama heiti. Þannig getur sama nafnið komið fyrir bæði innan og utan kröfu íslenska ríkisins. Því er nauðsynlegt að skoða viðkomandi einingu í kortasjánni en ef hún er innan kröfulýsingar íslenska ríkisins er hún „blálituð“ í kortasjánni. Ef hún er hins vegar grálituð er það einingin sem talin er upp hér eftirfarandi.

Eftirfarandi svæði eru *utan* þjóðlendukröfu íslenska ríkisins:

1. Eyvindarstaðahólmi/Hrakhólmi
2. Löngusker (Reykjavíkurborg)
3. Saurbæjarsker /Bæjarsker
4. Suðurhólmi
5. Sviðholtshólmi

6. ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum fyrir þjóðlendukröfum á síðari stigum málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, eftir atvikum með því að færa þjóðlendukröfur inn á kröfukort, svo og til að gera breytingar á kröfulínunum þar sem það á við. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð. Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjálýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins í kröfugerð, að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínur, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 2. febrúar 2024,
uppfært, 27. mars 2024,
endurskoðað 9. október 2024,

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins,

Edda Andradóttir

Edda Björk Andradóttir, lögmaður

Óbyggðanefnd
Borgartúni 29
105 Reykjavík

Óbyggðanefnd
Borgartúni 29
105 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2025
MSS24020070

Kröfulýsing Reykjavíkurborgar á svæði 12, H-hluti (Suðvesturland)

Á vefsíðu óbyggðanefndar er landeigendum veittur kröfulýsingarfrestur fram til 14. febrúar 2025 til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd er tekur til svæðis 12 (eyjar og sker). Með endurskoðaðri kröfulýsingu, dags. 9. október 2024, gerir fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins meðal annars þá kröfu að óbyggðanefnd afmarki þjóðlendur á svæði 12 (eyjar og sker), hluta H, Suðvesturland.

Kröfulýsing fyrir H-hluta tekur meðal annars til eyja og skerja er tilheyra Reykjavíkurborg og mótmælir Reykjavíkurborg kröfulýsingu íslenska ríkisins að því leyti sem hún samræmist ekki eignarrétti og kröfulýsingu Reykjavíkurborgar.

Eftirfarandi fer kröfulýsing Reykjavíkurborgar, kt. 530269–7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, til eyja og skerja á svæði 12, H-hluta:

Kröfugerð: Af hálfu Reykjavíkurborgar er þess krafist að þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins til eyjanna Akureyjar og Þerneyjar og skerjanna Eiðiskers, Selskers, Hákarlaskerja og ónafngreindra skerja milli Viðeyjar og Gufuness, Skarfakletta, Lönguskerja og Hólma verði hafnað og þess krafist að tilvitnaðar eyjar og sker verði talin bein eign Reykjavíkurborgar, ásamt Viðey og Engey, og að beinn eignarréttur Reykjavíkurborgar afmarkist við netlög frá jörðunum Eiði á Seltjarnarnesi, Sel, Hlíðarhúsum, Skildinganesi, Arnarhól, Rauðará, Laugarnes, Klepp, Bústaðir, Ártún, Árbær, Gröf, Keldur, Gufunes, Eiði við Gufunes, Korpúlfsstaði, Arnarholt, Viðey, Örfirisey, Engey, Þerney og Akurey og þeim eyjum, hölmum og skerjum er liggja fyrir utan umræddar jarðir, sem allar eru eign Reykjavíkurborgar.

Einnig er þess krafist að úrskurðað verði um óbein eignarréttindi Reykjavíkurborgar, reynist þau vera til staðar á fyrrgreindu svæði 12, H-hluta.

Krafist er málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði og mati Óbyggðanefndar með vísan til 17. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur, sbr. lög nr. 65/2000.

Fyrirsvor: Ebba Schram, borgarlögmaður, Ráðhúsi Reykjavíkur, gætir hagsmuna Reykjavíkurborgar fyrir óbyggðanefnd.

Almennt um kröfulýsingu Reykjavíkurborgar og grundvöll eignarréttar Reykjavíkurborgar á svæði 12

Reykjavíkurborg á allar eyjur í Kollafirði, að Lundey undanskilinni, samkvæmt afsölum þar um. Þá telur Reykjavíkurborg öll sker utan stranda jarða sinna vera í sinni eigu. Í kröfulýsingu íslenska ríkisins telur það eyjurnar Akurey og Þerney vera þjóðlendur. Í kröfulýsingu íslenska ríkisins er ekki getið um skerin Eiðisker, Selsker, Hákarlasker, ónafngreind sker á milli Viðeyjar og Gufuness og Skarfakletta. Aftur á móti má ráða af kortasjá íslenska ríkisins að íslenska ríkið

telur umrædd sker vera þjóðlendur. Reykjavíkurborg hafnar þessari afstöðu íslenska ríkisins sem og að Hólmar í Skerjafirði teljist þjóðlenda.

Reykjavíkurborg lýsir rétti sínum til eyjanna Akureyjar og Þerneyjar á grundvelli afsala þar um sem og því að þær eru innan netlaga annarra jarða Reykjavíkurborgar. Um eignarrétt sinn að skerjunum Eiðiskeri, Selskeri, Hákarlaskerjum og ónafngreindum skerjum milli Viðeyjar og Gufuness, er íslenska ríkið telur þjóðlendur, byggir Reykjavíkurborg á afsölum jarða sinna er skerin liggja út fyrir ströndum. Þannig eru umrædd sker innan landamerkja jarða Reykjavíkurborgar þar sem þau liggja út fyrir landi í eigu Reykjavíkurborgar. Samkvæmt 2. kapítula rekabálks Jónsbókar fylgja eyjar og sker því landi er næst liggur en umrætt ákvæði Jónsbókar hefur ekki verið fellt úr gildi með lögum og er birt í lagasafni Alþingis. Þar sem öll umrædd sker liggja næst landi Reykjavíkurborgar þá eru þau eign Reykjavíkurborgar sem og netlög út frá þeim. Þessu til stuðnings vísar Reykjavíkurborg einnig til 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 sem mælir fyrir um að liggi eyjar eða hólmar undir jörð, þá skuli mæla lóðhelgi jarðar á sama hátt frá landi og jafnt í allar áttir frá eyjum og hólum en umrætt ákvæði gerir þannig með sama hætti og 2. kapítuli rekabálks Jónsbókar ráð fyrir því að eyjar og hólmar falli undir einstaka jarðir.

Jafnframt byggir Reykjavíkurborg á því að umrædd sker séu innan netlaga fyrrgreindra jarða Reykjavíkurborgar, eins og þau eru skilgreind í 2. kapítula rekabálks Jónsbókar, og tilheyri Reykjavíkurborg einnig á þeim grundvelli. Í 2. kapítula rekabálks Jónsbókar kemur fram að netlög jarða teljist frá því „[...] sem yst er selnót stefndur grunn tuttugu möskva djúp að fjöru og komi þá flár upp úr sjó“. Umrætt ákvæði Jónsbókar er enn í gildi sem lög og er birt í lagasafni Alþingis. Í riti Páls Vídalín *Skýringar yfir fornryði lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast*, skýrir Páll það sem svo að 20 möskva selnet hafi þá numið 20 álum eða tæplega 6,9 metra dýpi frá fjöru en öll fyrrgreind sker eru innan þeirra marka.¹ Reykjavíkurborg byggir því bæði á netlögum jarða sinna út frá fjarlægð frá stórstraumsfjöruborði sem og dýpt.

Á korti sem Reykjavíkurborg hefur útbúið má sjá nánar myndrænt kröfugerð Reykjavíkurborgar samkvæmt fyrrgreindri afmörkun netlaga miðað við dýpt sjávar (fskj. 1 og 2). Kort Reykjavíkurborgar byggir á sjókortu Landhelgisgæslunnar þar sem afmörkun á dýpt sjávar er tilgreind.

Auk þess byggir Reykjavíkurborg á því að framangreindar eyjar og sker hafi verið numdar í öndverðu. Þannig kemur fram í Landnámu að Ingólfur Arnarson hafi numið allt land milli Ölfusár og Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá, milli og Öxarár, og *öll nes út*, þ.e. allt land við og meðfram strandlengju þeirri er kröfugerð íslenska ríkisins til eyja og skerja tekur til.² Hafa verður í huga að á þeim tíma sem Ingólfur Arnarson nam land náði meginland mun lengra á haf út þar sem nú er undir yfirborði sjávar og voru því eyjar þær og sker þau er íslenska ríkið telur þjóðlendur ýmist hluti af meginlandi Íslands eða tengdar landi og því tvímælalaust hluti af landnámi Ingólfs, líkt og því er lýst í Landnámu.³ Þannig hefur bæði landsig og landbrot breytt verulega landslagi við strönd Faxaflóa og skorið á tengingar við land sem áður var tengt meginlandi en er nú eyjar og sker.

Jafnvel þó að ekki sé getið um eyjurnar Þerney og Akurey í Landnámu verður að telja að ekki sé vafi á að eyjurnar hafi verið numdar á landnámsöld. Nánar verður vikið að landnámi Akureyjar og Þerneyjar og eignarhaldi Reykjavíkurborgar á þeim eyjum og skerjum sem um er deilt í neðangreindri umfjöllun um eignarrétt Reykjavíkurborgar á tilgreindum eyjum og skerjum.

¹ Páll Jónsson Vídalín: *Skýringar yfir fornryði lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast*, bls. 22-23.

² *Íslensk fornrit, I. bindi*, bls. 45.

³ Þorleifur Einarsson: „Jarðfræði Reykjavíkur og nágrennis“, bls. 46.

Almennt um kröfulýsingu íslenska ríkisins

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins í hluta H kemur fram að framsetningu kröfulýsingar og kröfugerð íslenska ríkisins á svæði 12 sé ekki háttað með sama hætti og verið hefur í fyrri málum óbyggðanefndar þar sem kröfugerð ríkisins tekur bæði til fjölda nafngreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga og til ótilgreinds fjölda ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga. Að sögn íslenska ríkisins skýrist umrædd framsetning af því að erfitt sé að heimfæra hugtök, s.s. eyjur og sker, yfir á *landfræðilegar einingar* og að fjöldi þeirra liggi ekki fyrir.

Íslenska ríkið telur að allar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta H teljist þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. þjóðlendulaga. Tekur krafa ríkisins til fjölda nafngreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga og til ótilgreinds fjölda ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga.

Að mati Reykjavíkurborgar getur íslenska ríkið ekki lýst kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd með almennum hætti, þ.e. án þess að tilgreina í kröfulýsingu skýrt og afdráttarlaust allt það landsvæði er íslenska ríkið telur vera þjóðlendu. Þannig verður að telja að í hugtakinu kröfulýsing felist að þar komi fram til hvaða fasteigna krafa íslenska ríkisins taki til. Þó vissulega hafi íslenska ríkið að einhverju leyti bætt úr annmörkum á kröfulýsingunni frá fyrri útgáfum hennar þá skortir enn verulega á að gerð sé grein fyrir því til hvaða landsvæðis hún taki enda felst það í hugtakinu kröfulýsing í skilningi þjóðlendulaga að þar sé tilgreint skýrlega það landsvæði er íslenska ríkið telur vera þjóðlendu. Að öðrum kosti er vandséð hvernig þeir landeigendur er hagsmuna eiga að gæta geti gætt þeirra og varist kröfum íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd. Í þessu samhengi þarf íslenska ríkið í það minnsta að færa rök fyrir því hvers vegna hver og ein eyja, sker eða önnur landfræðileg eining eigi að teljast þjóðlenda en slíkt verður ekki gert nema með tilgreiningu og rökstuðningi í kröfulýsingu. Kortasjá sú sem íslenska ríkið hefur útbúið getur í þessu sambandi verið til hægðarauka en ljóst er að hún getur ekki komið í stað kröfulýsingar.

Í annan stað telur Reykjavíkurborg verulegan vafa ríkja á því hvort öll þau sker og landfræðilegu einingar er íslenska ríkið virðist telja vera þjóðlendur geti yfir höfuð fallið undir hugtakið þjóðlenda í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga. Samkvæmt 1. gr. þjóðlendulaga telst *landsvæði* utan eignarlanda vera þjóðlenda. Þá er orðið *land* skilgreint í Orðabók Menningarsjóðs frá 1983 sem *þurrlendi*. Einnig segir í orðabókinni að orðið sé notað um árbakka, vatnsbakka eða strönd, en hvergi kemur fram að orðið megi nota t.d. um boð, sker og hólma. Þá segir í Íslenskri nútímamálsorðabók Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að orðið *land* sé *þurrlendi jarðar*.⁴ Ekkert bendir til þess að lítið hafi verið á sker sem sérstakar fasteignir heldur eru þau og hafa ávallt verið hluti af nærliggjandi jörð og innan landamerkja hennar. Hvorki er af þjóðlendulögum né lögskýringargögnum með þeim hægt að draga aðra ályktun en að eingöngu þurrlendi geti talist til þjóðlenda í skilningi laganna.

Heimildir óbyggðanefndar eru viðurhlutamiklar gagnvart landeigendum og af þeim sökum verður að gera þá kröfu að þær hvíli á skýrum lagagrundvelli og að þeim sé beitt af meðalhófi. Hugtakið önnur landfræðileg eining, sem íslenska ríkið kýs að nota yfir sker, á sér enga stoð í þjóðlendulögum og hefur því óbyggðanefnd ekki heimild til þess með vísan til lögmætisreglu stjórnsýsluréttarins að úrskurða um kröfulýsingu íslenska ríkisins að því leyti þar sem sú heimild er eingöngu bundin við landsvæði.

Að sögn íslenska ríkisins hafi þær landfræðilegu einingar sem krafa ríkisins taki til verið utan landnáms. Þá telur íslenska ríkið að í Landnámu sé ekki getið einstakra kröfusvæða eða þeirra

⁴ Sjá nánar Víðir Smári Petersen: „Eru almenningar stöðuvatna þjóðlendur?“, bls. 9.

getið án þess að unnt sé að ráða hvort menn hafi haft þar fasta búsetu eða einungis farið þar um. Af frásögnum Landnámu verði því að mati Íslenska ríkisins ekki ráðið að landnám hafi náð til kröfussvæðanna og engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim lýsingum um stofnun beins eignarréttar yfir svæðunum. Þá að mati Íslenska ríkisins verði ekki ráðið að stofnast hafi til beins eignarréttar að kröfussvæðunum með öðrum hætti þar sem þau hafi einungis verið höfð til takmarkaðra nota þrátt fyrir að tilteknar jarðir eða tilteknir aðilar hafi kallað til réttinda á einstökum kröfussvæðum. Jafnframt telur Íslenska ríkið að landfræðilegar aðstæður bendi til þess að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að kröfussvæðunum þar sem þær hafi ekki verið vel fallnar til búsetu.

Reykjavíkurborg hafnar framangreindri afstöðu Íslenska ríkisins með vísan til þess að í kröfulýsingu Íslenska ríkisins er alfarið litið fram hjá gildandi ákvæðum laga, þ.e. 2. kaþítula rekabálks Jónsbókar og 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 sem mæla fyrir um að eyjar og sker tilheyri þeim jörðum er þær liggja fyrir utan strendur. Auk þess er í kröfulýsingu Íslenska ríkisins litið fram hjá netlögum út frá dýpt sem og þeirri staðreynd að meginland Íslands náði lengra inn á Faxaflóa við landnám eins og að framan er rakið.

Þá telur Reykjavíkurborg ekki að búseta eigi að ráða úrslitum um hvort stofnast hafi til beins eignarréttar yfir eyju eða skeri og bendir á að eyjur eru og hafa verið allt frá landnámi verið ýmist sjálfstæðar jarðir eða fallið undir landamerki jarða sem eignarland. Þannig er til dæmis í Landnámu getið um að Þrándur mjóbeinn hafi numið eyjar fyrir vestan Bjarneyjaflóa en að hann hafi haft búsetu í Flatey.⁵ Auk þess er í Landnámu minnst á landnámsmanninn Krum er nam land á Þernunesi og hafði búsetu þar en jafnframt hafi hann numið allt hið ytra, bæði Skrúðey og aðrar úteyjar.⁶ Af þessu má ráða að eyjur hafi verið landnumdar og hafi alfarið tilheyrt einstökum mönnum eða jörðum jafnvel þó að viðkomandi landnámsmaður hafi ekki haft búsetu á eyjunni eða yfir höfuð hafi verið búið í eyjunni. Þá er var í 6. kaþítula landabrigðabálks Jónsbókar gert ráð fyrir því að eyjur gætu fylgt kaupum á jörðum og því hafi borið að geta þeirra við kaup en ekki var þar gerður sá áskilnaður að viðhöfð hafi verið föst búseta á eyju til að hún geti talist hluti jarðar. Þvert á móti verður ráðið af fyrrgreindum 2. kaþítula rekabálks Jónsbókar að eyjur og sker fyrir utan ströndum jarða hafi fallið innan landamerkja þeirra hafi eyja ekki verið sjálfstæð jörð. Samskonar reglu var að finna í 56. kaþítula landabrigðisþáttar Grágásar og því um að ræða forna reglu sem sennilega hefur verið í gildi allt frá landnámi Íslands eða í það minnsta síðan á þjóðveldisöld.

Af þeim sökum telur Reykjavíkurborg að ekki sé hægt að leggja til grundvallar varðandi eyjur og sker sömu sjónarmið og í fordæmum óbyggðanefndar varðandi hálendissvæði Íslands, þ.e. afrétti og almenninga á meginlandi Íslands, líkt og Íslenska ríkið virðist gera. Ekkert í fornum lögum eða skjölum bendir til þess að eyjur og sker teljist til almenninga með sama hætti og í óbyggðum á hálendi Íslands heldur þvert á móti voru þau innan landamerkja jarða þeirra er þau voru fyrir utan ströndum og tilheyrðu einstökum jörðum, að því gefna að eyja hafi ekki verið sjálfstæð jörð. Þá eru eyjar og sker fyrir utan ströndum eðli máls samkvæmt landfræðilega afmarkaðar af umlykjandi hafi og almennt enginn vafi um stærð þeirra og umfang gagnvart afréttum og almenningum, líkt og á eða átti við í tilviki hálendis Íslands.

Varðandi Akurey og Þerney þá er vissulega ekki getið um þær sérstaklega í Landnámu en það á jafnt við um aðrar eyjur í Kollafirði sem Íslenska ríkið telur ekki vera þjóðlendur heldur háðar beinum eignarrétti Reykjavíkurborgar, þ.e. Engey og Viðey. Því fær Reykjavíkurborg ekki séð hvaða þýðingu tilnefning í Landnámu hafi ein og sér í þessu sambandi og er um að ræða ósamræmi milli kröfugerðar og málalíbúnaðar Íslenska ríkisins að þessu leyti til. Aukinheldur hafnar Reykjavíkurborg því að landfræðileg lega Akureyjar og Þerneyjar hafi komið í veg fyrir að stofnast hafi til beins eignarréttar yfir þeim en nánar verður vikið að þessu atriði í umfjöllun um hvora eyju fyrir sig hér á eftir.

⁵ Íslensk fornrit, I. bindi, bls. 153.

⁶ Íslensk fornrit, I. bindi, bls. 307.

Verði eignarréttur Reykjavíkurborgar ekki viðurkenndur á grundvelli fyrrgreindra heimilda, er því haldið fram að borgin hafi öðlast eignarrétt að Akurey og Þerney fyrir hefð. Vísast um það til 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905 um hefð. Eignarhefð verði unnin á fasteign með 20 ára óslitnu eignarhaldi og Reykjavíkurborg og fyrri eigendur hafi verið í góðri trú og haft öll umráð eyjanna samanlagt í árhundraðaraðir. Þannig er fullnægt öllum skilyrðum hefðar um eignarhaldstíma, virk umráð og huglæga afstöðu og samkvæmt því verður að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda, að hefð hafi unnist, sbr. 2. gr. hefðarlaga. Reykjavíkurborg byggir á því að fyrir liggi ráðstafanir að lögum, þ.e. afsöl, veðsetningar og veiting leyfa til hagnýtingar eyjanna, sem eignarréttarlega séð eru taldar veigamiklar vísbendingar um eignarhald. Bent er á í því sambandi að í eignarréttarlegum skilningi nýtur fasteignareigandi einn réttar til dúntekju vegna æðarvarps á landi sínu, að því gefnu að réttindin hafi ekki verið skilin frá fasteigninni með lögmætum hætti ellegar nýtingin takmörkuð eða bönnuð með lögum. Með hliðsjón af afstöðu eigenda á hverjum tíma og nýtingar þeirra hafi sú hefð verið til eignar á eyjunum en ekki aðeins til takmarkaðra afnota svo sem íslenska ríkið heldur fram í sinni kröfulýsingu.

Reykjavíkurborg byggir hér einnig á því hér að tiltekna athafnir ríkisins í gegnum tíðina hafi skapað ákveðnar væntingar hjá eigendum Akureyjar og Þerneyjar og hafi því þýðingu við úrlausn á eignarréttarlegri stöðu þeirra, sbr. dómar Hæstaréttar í málum nr. 93/2017 og 94/2017. Réttmætar væntingar eiganda um eignarrétt sinn njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Eigandi verður því ekki sviptur þeim fjárhagslegum hagsmunum sem nánar greinir í umræddum eignarréttarákvæðum. Reykjavíkurborg og eigendur eyjanna í gegnum tíðina hafi haft réttmætar ástæður til að ætla að þinglýst eign þeirra væri á grundvelli fullkomins eignarréttar og hafi athafnir og athafnaleysi íslenska ríkisins fram til þessa aðeins styrkt eigendur í þeirri trú. Byggir Reykjavíkurborg á því hér að réttmætar væntingar geti verið grundvöllur fyrir eignarréttartilkalli, þegar svo hátti til að heimildir, staðhættir, gróðurfar og nýting lands bendi til beins eignarréttar eins og hér á sannarlega við.

Þær athafnir og athafnaleysi íslenska ríkisins sem einkum er vísað hér til í tengslum við réttmætar væntingar eru til að mynda breyting lóðamarka Þerneyjar og stofnun nýs lands úr henni á árinu 2020 í fasteignaskrá og samþykki Reykjavíkurborgar fyrir friðlýsingu Akureyjar, sem nánar er gerð grein fyrir í eftirfarandi umfjöllun. Ráðstafanir þessar af hálfu Reykjavíkurborgar eru þannig í samræmi við einkarétt eigandans til að ráða yfir hlut með þeim takmörkunum einum sem þeim rétti eru settar með lögum og takmörkuðum eignarréttindum annarra yfir sama verðmæti. Athafnaleysi hins opinbera tengt skráningu, ráðstöfunum og eftir atvikum meðferð eignarréttinda, getur að mati Reykjavíkurborgar skapað réttmætar væntingar um að tiltekin skipan eignarréttar sé fyrir hendi.

Fyrirnefndur eignarréttur eiganda Akureyjar og Þerneyjar annars vegar og hins vegar þeirra jarða sem fyrirnefnd sker tilheyrir hefur af hálfu ríkisins aldrei verið dreginn í efa fyrr en við meðferð þjóðlendumáls þessa. Þeir jarðeigendur sem tilkall gerðu og gera til eignarréttar hafa því haft réttmæta ástæðu til að ætla að eyjur og sker væru fullkomin eign þeirra og það þá með vísan til nýtingar þeirra eftir því sem tilefni hefur gefist til á hverjum tíma og ráðstöfun þeirra með hverjum þeim hætti sem eiganda er heimilt. Háttsemi íslenska ríkisins í tengslum við eyjar og sker Reykjavíkurborgar bendir eindregið til þess að um eignarland sé að ræða með vísan til framangreinds.

Um eignarrétt Reykjavíkurborgar á tilgreindum eyjum og skerjum

Eins og að framan greinir þá telur Reykjavíkurborg sig eiga beinan eignarrétt yfir Akurey og Þerney sem og tilvitnuðum skerjum sem áður er getið um, en íslenska ríkið telur eyjurnar og skerin vera þjóðlendur. Auk þess að vísa til umfjöllunar um þessar eyjur og sker hér að framan

eru í eftirfarandi umfjöllun nánar raktar röksemdir Reykjavíkurborgar fyrir beinum eignarrétti sínum yfir tilvitnuðum eyjum og skerjum.

Akurey

Akurey er flatlend, láglend og gróin eyja í Kollafirði. Eyjan er 6,6 hektarar að flatarmáli. Heiti eyjunnar má rekja til þess að hún var fyrr á öldum akurlendi. Við landnám var Akurey tengd landi og var þá nes eða skagi.⁷ Í því sambandi var, að minnsta kosti fram á 19. öld, gengt út í Akurey frá meginlandi um granda.⁸

Beinn eignarréttur Reykjavíkurborgar yfir Akurey grundvallast á afsali Birgis Kjaran á Akurey til Reykjavíkurborgar, dags. 22. september 1969 (fskj. 3).

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins er Akurey tilgreind og gerð sérstök krafa um að hún teljist þjóðlenda, sbr. kafla 4.2.4.4. Í umræddum kafla kröfulýsingar íslenska ríkisins er ekki rökstutt sérstaklega hvers vegna Akurey eigi að teljast þjóðlenda í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga. Eingöngu er í fyrirnefndum kafla 4.2.4.4. vitnað til hluta umfjöllunar um Akurey í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem og tilvitnunar í landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu 1885-1969.

Í eftirgreindri umfjöllun er rakin saga eignarhalds Akureyjar eins og hún birtist í skjölum og fræðiritum en einnig er fjallað um jörðina Nes á Seltjarnarnesi enda saga hennar samofin sögu Akureyjar.

Akureyjar er ekki getið sérstaklega í Landnámu. Við landnám var Akurey þó, eins og fyrr getur, tengd við meginland Íslands og féll því innan landnáms Ingólfs Arnarsonar, sbr. fyrrgreinda lýsingu Landnámu.

Jafnframt hefur hún í fræðiskrifum verið talin hafa tilheyrt landnámi Ingólfs Arnarsonar. Í ritgerð Eiríks Briem, prófessors, *Landnám í Reykjavík og þeir sem þar bjuggu fyrst* telur hann að Akurey hafi fengið nafn sitt þegar á landnámsöld og bendi til þess að Ingólfur Arnarson hafi haft þar kornakur.⁹ Ólafur Lárusson, prófessor, taldi í ritgerð sinni *Hvers Seltjarnarnes byggðist* að Akurey hafi væntanleg tilheyrt Reykjavíkurbónda eða öðrum bæ á landi.¹⁰ Ólafur getur þess að seinna meir hafi Akurey tilheyrt Nesi. Í ritinu *Reykjavík 871±2* eftir Helga Þorláksson, Árna Einarsson og Bryndísi Sverrisdóttur er ályktað að byggð á Seltjarnarnesi hafi í fyrstu takmarkast við nesin og eyjarnar í Kollafirði. Í þeirri byggð hafi verið tvær þungamiðjur, annars vegar á Nesi og hins vegar í Reykjavík og að þeim hafi tilheyrt Akurey og Engey.¹¹

Ekki er að fullu ljóst hvenær Nes á Seltjarnarnesi byggist sem sérstök jörð út úr landnámi Ingólfs. Elsta varðveitta ritaða heimildin þar sem Ness er getið er í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá um 1200 en þar er getið um kirkju á Seltjarnarnesi og er þá átt við jörðina Nes.¹² Ljóst er að Nes er í bændaeign á þrettándu öld en í Árna biskups sögu er fjallað um Hafurbjörn Styrkársson og Guðrúnu Þorlákssdóttur sem bjuggu á Nesi á seinni hluta 13. aldar.¹³ Á 14. öld virðist hluti Nes jarðarinnar tilheyra Neskirkju en í máldaga Neskirkju frá 1397 er tekið fram að Neskirkja eigi þriðjung í heimalandi. Á sextándu öld er jörðin Nes komin í eigu Skálholtsbiskupsstóls en varðveist hefur byggingarbréf frá 1546 þar sem Gizur biskup byggir

⁷ Þorleifur Einarsson: „Jarðfræði Reykjavíkur og nágrennis“, bls. 46 og Páll Lindal: *Hin fornu tún*, bls. 16.

⁸ Lesbók Morgunblaðsins, 33. tbl. 1951, bls. 400, Þórbergur Þórðarson: „Lifnaðarhættir í Reykjavík“, bls. 239 og kort Hoffgaard frá 1715 (aðgengilegt á vefsíðunni www.islandskort.is).

⁹ Eiríkur Briem: „Landnám í Reykjavík og þeir sem þar bjuggu fyrst“, bls. 4.

¹⁰ Ólafur Lárusson: „Hvers Seltjarnarnes byggðist“, bls. 88-89.

¹¹ Helgi Þorláksson, Árni Einarsson og Bryndís Sverrisdóttir: *Reykjavík 871±2*, bls. 42.

¹² Íslenskt fornbréfasafn XII, bls. 9.

¹³ *Byskupa Sögur, fyrsta bindi*, bls. 345.

Eyjólfur Pálssyni Nes sem sagt er í eigu dómkirkjunnar í Skálholti.¹⁴ Í tilvitnuðum heimildum er Akureyjar ekki getið.

Elsta varðveitta ritaða heimildin um eignarhald Akureyjar, sem Reykjavíkurborg þekkir til, er að finna í máldaga Víkurkirkju frá 1379. Í máldaganum kemur fram að Víkurkirkja hafi átt sælding í Akurey, þ.e. sáðland eða akurland. Virðist það ítak seinna hafa fallið niður þar sem þess er ekki getið í Vilchinsmáldaga 1397.¹⁵ Í umræddum máldögum er ekki getið um hver sé eigandi Akureyjar eða hvaða jörðu hún hafi tilheyrt.

Við og í kjölfar siðaskipta hefst Danakonungur handa við að leggja undir sig útvegsjarðir við Faxaflóa. Þannig leggur konungur til við Knút Steinsson, lénsmann sinn í erindisbréfi 1556 að hann taki til sín allar jarðir á Álftanesi og Seltjarnarnesi í eigu Skálholtsbiskupsstóls, virði þær og fá stólnum aðrar jafn verðmætar í staðinn.¹⁶ Með jarðaskiptabréfi, dags. 3. júlí 1556, skiptir Knútur Steinsson, lénsmaður á Bjarnanesjörðum fyrir jarðir Skálholts á Seltjarnarnesi, þ.m.t. Nes, og á Álftanesi við Gísla Jónsson Skálholtsbiskup.¹⁷ Við það kemst Nes í eigu konungs frá biskupsstólum en hvorki er getið um Akurey né eignarhlut Neskirkju í heimalandi í umræddu jarðaskiptabréfi. Af Gíslamáldaga 1575 er þó ljóst að Neskirkja telur sig þá áfram eiga þriðjung í heimalandi Nes þrátt fyrir að konungur hafi eignast Nes.¹⁸

Elsta varðveitta heimildin um eignarhald Nes yfir Akurey, sem Reykjavíkurborg þekkir til, er að finna í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 en í bókinni er Akurey talin sem hluti af jörðinni Nes á Seltjarnarnesi.¹⁹ Í jarðabókinni kemur fram að Nes sé í konungseign en í lýsingu á jörðinni er þar ekki getið um að Neskirkja eigi hlut í jörðinni. Um nýttar af jörðinni Nes er þess getið að fóðrast kunni átta kýr af grasnautn þeirri sem heimabóndi Nes yrkir af túnum jarðarinnar og Akurey. Jafnframt kemur þar fram að engjar jarðarinnar séu engar nema á Akurey. Auk þess séu ekki hagar á jörðinni nema vetur lítið fyrir sauð í Akurey. Í Íslandslýsingu Árna Magnússonar frá 1700 er minnst á Akurey í upptalningu hans á eyjum í Kollafirði en henni ekki lýst nánar.²⁰

Í korti Hans Hoffgaard frá 1715 af Hólmskaupstaði er Akurey sýnd og er það elsta varðveitta landakortið, sem Reykjavíkurborg er kunnugt um, sem tvímælalaust sýnir Akurey. Af kortinu má ráða að Akurey hafi þá enn verið tengd landi og sýnir kortið granda út í eyjuna. Hið sama má ráða af korti Hans Hoffgaard frá 1749 af sama svæði.²¹

Í ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757 er getið um Akurey. Þar kemur fram að í Akurey hafi verið akrar til forna, hún sé grösug og í henni sé gott beitiland.²²

Í jarðabók Skúla Magnússonar, landfógeta, sem yfirleitt er kennd við árið 1760, er Akureyjar getið í umfjöllun um jörðina Nes og hún sögð tilheyra Neskirkju í andstöðu við það sem fram kemur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín.²³

Hinn 18. mars 1760 er Bjarni Pálsson skipaður af konungi sem landlæknir yfir Íslandi með aðsetur á Íslandi og honum í því skyni boðið Nes til ábúðar án endurgjalds sem hann þiggur.²⁴

¹⁴ Íslenzkt fornbréfasafn, XI, bls. 527.

¹⁵ Íslenzkt fornbréfasafn, IV, bls. 109.

¹⁶ Íslenzkt fornbréfasafn, XIII, bls. 104–109.

¹⁷ Íslenzkt fornbréfasafn, XIII, bls. 138–139.

¹⁸ Íslenzkt fornbréfasafn, XV, bls. 637.

¹⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, þriðja bindi*, bls. 239–240.

²⁰ Árni Magnússon: „Chorographia Islandica“, bls. 61.

²¹ Bæði þessi kort eru aðgengileg á vefsíðunni www.islandskort.is.

²² *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757, 2. bindi*, bls. 152.

²³ ÞÍ. Rentukammer E/22-E/58.

²⁴ *Lovsamling for Island, 3. bindi*, bls. 384–385.

Þessa er einnig getið í bréfi Rentukammersins 29. apríl 1760.²⁵ Í skjölum þessum er Akurey ekki nefnd sérstaklega.

Hinn 18. mars 1772 úrskurðar konungur um aðskilnað landlæknis og apótekara og skipar Björn Jónsson, apótekara, sem apótekarann á Íslandi. Í úrskurði konungs er helmingur jarðarinnar Nes lagður undir apótekara fyrir starfsemi hans og honum til ábúðar.²⁶ Í úrskurðinum er ekki getið sérstaklega um Akurey eða undir hvorn hún hafi verið lögð.

Árin 1781, 1782, 1783, 1790 og 1794 lýsa Jón Sveinsson, landlæknir, og Björn Jónsson, apótekari, lögfestum fyrir Akurey.²⁷ Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þeim hafi verið lýst en ætla má að það hafi tengst ágreiningi þeirra við Skúla Magnússon, landfógeta, um eignarhald eyjunnar.

Árið 1782 höfðar Skúli Magnússon, landfógeti, mál á hendur Jóni Sveinssyni, landlækni og Birni Jónssyni, apótekara, vegna Akureyjar. Í dómi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 2. apríl 1782 kemur fram að í málinu hafi landfógeti haldið því fram að Akurey heyrði undir Viðey og taldi landfógeti því að Jón og Björn hafi látið slá og heyja Akurey í leyfisleysi sumarið áður.²⁸ Í dóminum er því hafnað að Viðey eigi eignarrétt yfir Akurey og eyjan dæmd sem hluti Ness, að undanskildum sældingi sem getið sé um í máldaga Víkurkirkju frá 1379. Landfógeti áfrýjaði umræddum dómi til lögmanns og er málið tekið fyrir 18. júlí 1783.²⁹ Í fyrirtökunni kemur fram að í hinum áfrýjaða dómi hafi Nesi verið dæmdur eignarréttur yfir Akurey en að landfógeti haldi því fram fyrir dómi til lögmanns að hann hafi fyrst og fremst höfðað málið vegna heyskapar. Því hafnar dómurinn á þeim grundvelli að stefna landfógeta til Alþingis hafi lotið að því að fá breytt dómi héraðsdóms þar sem sök er afmörkuð við ágreining um eignarrétt yfir Akurey og dómur sé þess efnis. Fyrir dóminum kemur fram að landfógeti telji að Akurey hafi aldrei tilheyrt Neskirkju þar sem hennar sé hvorki getið í Vilchinsmáldaga né vísitasíum Brynjólfs Sveinssonar og Hannesar Finnssonar, biskupa. Hinn 21. júlí 1783 kveður lögmaður upp dóm í málinu þar sem dómur sýslumanns er staðfestur.³⁰ Í dóminum er tekið fram að því sé hafnað að Viðey hafi með nokkrum hætti tileinkað sér Akurey sem aðskilda jörð frá Nesi.

Í lýsingu Skúla Magnússonar, landfógeta, á Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1785 kemur meðal annars fram í lýsingu hans á Neskirkjusókn að sjö jarðir séu að finna í sókninni og að fimm séu eign konungs en að tvær kallist eign Neskirkju og hafi verið af konungi lagðar landlækni og lyfsala til ábúðar.³¹ Skúli getur þess að af Akurey fáiast heyskapur handa 2-3 kúm.

Með bréfi til Ólafs Stephensen, stiftamtmanns, og Geirs Vídalín, biskups, dags. 26. maí 1797, er upplýst um þá ákvörðun að leggja niður Neskirkju að tillögu Rentukammersins.³² Í bréfinu kemur fram að ákveðið hafi verið að leggja jarðirnar Bakka og Bygggarð, sem þá voru í eigu kirkjunnar, til Dómkirkjunnar í Reykjavík. Í bréfinu er ekki getið um að kirkjan hafi átt aðrar jarðeignir, svo sem hluta Nes jarðarinnar eða Akurey.

Í bréfi Rentukammersins til stiftamtmanns, dags. 26. apríl 1834, er fjallað um sölu Nes jarðarinnar úr konungseign í ljósi þess að bæði landlæknir og apótekarinn voru fluttir af jörðinni og til Reykjavíkur.³³ Í bréfinu kemur fram að frá því að þeir hafi yfirgefið jörðina hafi hún tímabundið verið byggð öðrum og hafi stiftamtmanni þótt heppilegt að aðskilja Akurey frá Nesjörðinni og leigja hana sérstaklega til þriggja ára. Í bréfinu kemur fram að reynt hafi verið að bjóða jörðina Nes á uppboði en ekki hafi fengist ásættanlegt verð fyrir hana. Þá er getið um

²⁵ Lovsamling for Island, 3. bindi, bls. 396-397.

²⁶ Lovsamling for Island, 3. bindi, bls. 739-743.

²⁷ Gullbringu- og Kjósarsýsla GA/05-1 (1775-1785), bls. 225-227, bls. 285-287, bls. 377 og GA/05-2 (1785-1794), bls. 299 og bls. 468.

²⁸ Gullbringu- og Kjósarsýsla GA/05-1 (1775-1785), bls. 274-276.

²⁹ Alþingisbækur Íslands, 16. bindi, bls. 161-164.

³⁰ Alþingisbækur Íslands, 16. bindi, bls. 169-171.

³¹ Skúli Magnússon: „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu“, bls. 130.

³² Lovsamling for Island, 6. bindi, bls. 284-285.

³³ Lovsamling for Island, 10. bindi, bls. 484-486.

að Þórður Sveinbjörnsson, þá sýslumaður í Árnesi, hafi falast eftir því að kaupa Nes og er óskað eftir afstöðu stiftamtmanns til þess og þá með eða án Akureyjar. Nes er í kjölfarið seld Þórði Sveinbjarnarsyni, háyfirdómara í Landsyfirrétti, ásamt Akurey.³⁴ Í jarðatali Jóns Johnsen frá 1847 er hún sögð hafa verið seld 22. apríl 1835 fyrir 3000 ríkisdali.³⁵ Við það kemst Akurey úr konungseign yfir í einkaeign.

Með dómi héraðsdóms hinn 9. apríl 1842 er Þórður Sveinbjörnsson, háyfirdómari, sýknaður af kröfu Dómkirkjunnar í Reykjavík um greiðslu afgjalds vegna ítaks er Dómkirkjan taldi sig eiga í Akurey.³⁶ Í dóminum kemur fram að Þórður sé eigandi Akureyjar en Dómkirkjan í Reykjavík taldi sig eiga sæðing í eyjunni á grundvelli fyrrgreinds máldaga Víkurkirkju frá árinu 1379. Í dóminum er rakið að ítaksins sé ekki getið í Vilchinsmáldaga frá árinu 1397 og ekki heldur Gíslamáldaga frá árinu 1575 en að sögn dómsins sé alkunna að kornrækt hafi ekki verið stunduð á Íslandi eftir þann tíma. Í dóminum er vikið að fyrrnefndum dómi Alþingis frá 21. júní 1783 og tekið fram að Dómkirkjan í Reykjavík hafi ekki átt aðild að umræddu máli og að í þeim dómi hafi ekki verið tekin afstaða til ætlaðs ítaks kirkjunnar. Í niðurstöðu sinni fellst dómurinn ekki á að Þórður hafi skuldbundið sig til að gjalda afgjaldið þó að þess hafi verið getið í uppboðsskilmálum við kaup hans á Akurey að Dómkirkjan kynni að eiga ítak í eyjunni en dómurinn telur að kirkjan geti ekki öðlast ríkari rétt til ítaksins við það eitt að þess hafi verið getið við sölu Akureyjar. Með tilvitnuðum fyrirvara hefði einungis verið ætlunin að gera grein fyrir hugsanlegum rétti Dómkirkjunnar í Reykjavík við sölu Akureyjar. Með konungsúrskurði, dags. 24. nóvember 1842, ákvað konungur að áfrýja ekki tilvitnuðum héraðsdómi til æðra dóms heldur una honum.³⁷

Í jarðatali á Íslandi gefnu út af Jóni Johnsen árið 1847 getur hann þess í umfjöllun um Nes að Akurey heyri undir jörðina og að þar sé dúntekja og heyskapur.³⁸

Í jarðamati á Íslandi 1849-1850 er Akurey sérstaklega tilgreind og talin með í matsverði Ness.³⁹

Í 29. tölublaði tímaritsins Þjóðólfs frá 13. júní 1857 er getið um að Nes við Seltjörn ásamt öllum hjáleigum að undanskilinni Akurey hafi þá verið seld af ekkjufrú Kirsten Sveinbjörnsson til Guðmundar Pálssonar og Páls hreppstjóra sonar hans í Mýrarhúsum, og Guðmundar Guðmundssonar tómthúsmanns í Vigfúsarkoti við Reykjavík.⁴⁰

Í nýrri jarðabók fyrir Ísland 1861 er Akureyjar getið sem fasteignar í matsverði jarðarinnar Ness.⁴¹

Hinn 21. maí 1864 var kveðinn upp dómur í politirétti Gullbringu- og Kjósarsýslu í máli sem ekkjufrú Sveinbjörnsson höfðaði gegn Steingrími Oddssyni til greiðslu skaðabóta vegna leyfislausrar tekju á kræklingi á Akurey sem var samkvæmt dóminum í eigu ekkjufrúarinnar.⁴² Var Steingrímur dæmdur til þess að greiða ekkjufrúnni skaðabætur á grundvelli þágildandi 5. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 en skaðabótaskylda ákvæðisins var bundin við veiði í *annars manns landi*.

Í dagblöðum frá upphafi tuttugustu aldar fram á miðja öldina er að finna fjölda auglýsinga þar sem auglýst er til leigu eða afnota af hálfu eigenda Akureyjar bæði tiltekin afnot, s.s. heyskapur

³⁴ *Æfisaga Þórðar Sveinbjarnarsonar háyfirdómara í landsyfirrettinum*, bls. 73.

³⁵ Jón Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, bls. 437.

³⁶ Dórnabók borgarfégetans í Reykjavík RVK. GA/01-2 (1839-1856), bls. 6r-14r.

³⁷ *Lovsamling for Island*, 12. bindi, bls. 419-420.

³⁸ Jón Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, bls. 94.

³⁹ *Skýrslur um landshagi á Íslandi*, 1. bindi, bls. 664.

⁴⁰ Þjóðólfur 29. tbl., 13. júní 1857, bls. 118.

⁴¹ *Ný jarðabók fyrir Ísland*, bls. 40. Það athugast að jarðabókin frá 1861 byggði á jarðamatinu 1849-1850 og sennilega af þeirri ástæðu hefur Akurey áfram verið talin með Nes jörðinni í jarðabókinni frá 1861 í ljósi þess að við fyrrgreint jarðamat var sami eigandi að báðum fasteignum. Sjá nánar Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands, þriðja bindi*, bls. 81-82.

⁴² Gullbringu- og Kjósarsýsla GA/39-1 (1857-1874), bls. 45-46.

sem og eyjan í heild sinni.⁴³ Þá er í dagblöðum frá sama tíma að finna tilkynningar eigenda Akureyjar um bann við umferð á og í kringum eyjuna og umfjöllun um kærur eigenda fyrir óleyfilega eggjatöku í eyjunni.⁴⁴

Hinn 7. maí 1906 kvað Landsyfirréttur upp dóm í máli nr. 38/1905 sem hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps höfðaði gegn háyfirdómara L. E. Sveinbjörnsson. Í málinu var deilt um lögmæti álagningar aukaútsvars sem hreppsnefndin hafði lagt á háyfirdómara árið 1904 vegna Akureyjar, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1903. Samkvæmt umræddu ákvæði 2. gr. þágildandi laga var sveitarfélögum meðal annars heimilt að leggja aukaútsvar á leiguliðaaafnot af jörðu, þótt engin ábúð hafi verið til staðar á jörðinni. Í dómi Landsyfirréttar er rakið að L. E. Sveinbjörnsson eigi hálfa Akurey á móti Þórði Guðjohnsen, fyrrverandi verslunarstjóra. Fram kemur í dóminum að L. E. Sveinbjörnsson hafi haft öll afnot af Akurey, þ.e. látið heyja þar, haft fénað, varp og hirt lunda. Landsyfirréttur taldi þau afnot vera leiguliðaaafnot í skilningi 2. gr. laga nr. 46/1903 en féllst aftur á móti ekki á að Akurey væri jörð í skilningi ákvæðisins þar sem hún væri óbyggð eyðieyja.

Hinn 22. september 1916 halda erfingjar L. E. Sveinbjörnsson, háyfirdómara, og Jörgínu Guðmundsdóttur með sér skiptafund. Á fundinum er tekin ákvörðun um að veita erfingjanum L.E.S. Magnússon eignarheimild fyrir hálfri Akurey (fskj. 4).⁴⁵

Hinn 14. júní 1919 er þinglýstur útdráttur úr fyrrgreindri skiptagjörð dánarbúa hjónanna L. E. Sveinbjörnssonar, háyfirdómara, og Jörgínu Guðmundsdóttur um eign erfingja þeirra á hálfri Akurey (fskj 5).⁴⁶ Hinn sama dag er einnig þinglýst skuldabréfi sem veðsett var á fyrsta veðrétti hálfrar Akureyjar.

Við landskipti jarðarinnar Ness hinn 13. október 1920 kom fram að Akurey hefði þá fyrir nokkru verið orðin séreign og með öllu laus við Neseignina.⁴⁷

Í fasteignabók sem öðlaðist gildi 1. apríl 1922 og leysti af jarðabókina 1861 er Akureyjar getið sem sérstakrar jarðar og landverð hennar metið hundrað krónur.⁴⁸

Hinn 30. júní 1928 er þinglýst erfingjaafsali af skiptastjórum í dánarbúi Þórðar Guðjohnsen til handa ekkju hans Maju Guðjohnsen fyrir hálfri Akurey (fskj. 6).⁴⁹

Með afsali, dags. 8. júlí 1935, afsalar Ásta Einarsson, fyrir hönd og í umboði L.E.S. Magnússonar hálfri Akurey fyrir kr. 2000,- til Tómasar Tómassonar (fskj. 7).

Hinn 23. október 1937 selja erfingjar Maju Guðjohnsen Tómasi Tómassyni helming Akureyjar (fskj. 8).⁵⁰

Hinn 1. apríl 1963 afsalar Tómas Tómasson Akurey til Birgis Kjaran (fskj. 9). Í afsalinu er þess getið að Tómas eigi Akurey samkvæmt afsöllum frá 8. júlí 1935 og 23. október 1937. Samkvæmt afsalinu þá greiðir Birgir kaupverð Akureyjar með peningum og veðskuldabréfi tryggðu með veði á fyrsta veðrétti Akureyjar. Meðfylgjandi afsalinu er í þinglýsingabókum afrit af afgreiðslu hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps 28. maí 1963 þar sem hreppurinn hafnar því

⁴³ Reykjavík, 5. tbl., 1. mars 1901, bls. 1, Vísir, 151. tbl., 2. júlí 1925, Vísir, 120. tbl., 4. maí 1932, Vísir, 106. tbl., 20. apríl 1933, Alþýðublaðið 272. tbl., 14. september 1934, bls. 2.

⁴⁴ Heimskringla, 40. tbl., 13. júlí 1905, bls. 1., Morgunblaðið, 27. tbl., 2. febrúar 1939.

⁴⁵ Afsals- og veðmálabók sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetinn í Hafnarfirði. Litra B., bls. 68-69. afsals- og veðmálabók. Litra Y. 16.8.1916 - 3.10.1917.

⁴⁶ Gullbringu- og Kjósarsýsla GA/22-1 (1919-1921), bls. 37-38.

⁴⁷ Landamerkbók Gullbringu- og Kjósarsýslu (1885-1969), bls. 94. (rafræn útgáfa aðgengileg á www.heimildir.is)

⁴⁸ Fasteignabók löggilt af stjórnarráði Íslands samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóvember 1915, bls. 16.

⁴⁹ Gullbringu- og Kjósarsýsla GA/27-1 (1928-1929), bls. 21.

⁵⁰ Afsals- og veðmálabók sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetinn í Hafnarfirði DB/53-1-1 (1937-1938), bls. 245-246.

að beita forkaupsrétti. Á þessum tíma voru í gildi lög nr. 40/1948 um kauprétt á jörðum er mæltu fyrir um forkaupsrétt sveitarfélaga á jörðum. Samkvæmt 1. gr. laganna merkti jörð í skilningi laganna býli, heimajörð eða hjáleigu utan kaupstaða eða kauptúna sem sérstaklega er metið til verðs samkvæmt fasteignamati og talið er í fasteignamatsbók eða metið sem jörð í millimati.

Birgir Kjaran afsalar svo Akurey til Reykjavíkurborgar með fyrrgreindu afsali, dags. 22. september 1969 (fskj. 3).

Með 2. gr. laga nr. 30/1978 um breytingu á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar er Akurey lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Með því varð Reykjavíkurborg bæði eigandi Akureyjar sem og varð Akurey innan staðarmarka sveitarfélagsins.

Með bréfi, dags. 12. júlí 1999, sótti Fornleifastofnun Íslands um leyfi Reykjavíkurborgar, sem landeiganda Akureyjar, til fornleifauppgrafter í Akurey (fskj. 10). Reykjavíkurborg samþykkti umrædda beiðni en með fornleifauppgræftri þessum var ætlunin að rannsaka fornar minjar um akuryrkju. Um þessa rannsókn er fjallað í greininni *Fornir akrar á Íslandi* eftir Garðar Guðmundsson, Mjöll Snæsdóttir, Margrét Halldórsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson og Kolbein Árnason.⁵¹ Í greininni kemur fram að í ljósi þess hversu sundurgrafin Akurey er af lunda hafi engin merki fundist um ræktun eða jarðvinnslu annars staðar en á suðausturhluta eyjarinnar. Í því skyni að rannsaka minjar um akuryrkju var því grafinn könnunarskurður þvert í gegnum garð á suðausturodda eyjunnar. Við þann gröft fundust rásir sem kunna að vera leifar jarðrasks vegna ræktunar. Ekki hefur farið fram skráning fornleifa í Akurey.

Í apríl 2012 auglýsti Reykjavíkurborg eftir áhugasömum aðilum til að nýlja æðarvarp í eyjum Reykjavíkurborgar á Kollafirði, þ.m.t. Akurey (fskj. 11). Í kjölfar þessarar auglýsingar samþykkti borgarráð að gera samning um leigu á nýttarétti á æðarvarpi Akureyjar. Slíkur samningur var aftur gerður árið 2014 (fskj. 12).

Með auglýsingu dagsettri 3. maí 2019 friðlýsti umhverfis- og auðlindaráðherra Akurey að tillögu Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnunar. Samdægurs undirritaði þáverandi borgarstjóri yfirlýsingu fyrir hönd Reykjavíkurborgar, sem landeiganda Akureyjar, þar sem friðlýsingin er samþykkt (fskj. 13).

Samantekt

Akurey var landnumin samkvæmt lýsingu Landnámu á landnámi Ingólfs Arnarsonar þar sem hún var skagi eða nes við landnám. Ekki er fyllilega ljóst hvenær landtenging Akureyjar við meginland tók að rofna en af máldaga Víkurkirkju frá 1379 verður ráðið að litið hafi verið á hana sem eyju að minnsta kosti frá 14. öld. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín tilheyrði Akurey jörðinni Nes við upphaf 18. aldar og var þá í konungseign. Á níttjándu öld eða í kjölfar flutninga landlæknis og apótekara af Nes jörðinni eru Nes og Akurey seldar í einkaeign og Akurey við það slitin frá Nes jörðinni og verður sjálfstæð fasteign. Frá því að Akurey varð sjálfstæð fasteign hefur hún gengið kaupum og sölum, erfðum, leigu og verið veðsett sem sérstök fasteign. Þá hafa eigendur Akureyjar hverju sinni farið með öll afnot og umráð hennar, þ.e. hefðbundin búskaparafnot, og engir aðrir. Jafnframt hefur í dómsmálum vegna Akureyjar ekki verið gerður neinn fyrirvari við eignarhald eigenda hennar, rétt til hennar og réttarverndar og eigendum dæmdar skaðabætur vegna ágangs annarra á auðlindir Akureyjar. Frá því að Reykjavíkurborg eignaðist Akurey árið 1969 hefur borgin farið með þinglýsta eignarheimild yfir henni og af hálfu íslenska ríkisins, þ. á m. stofnana þess, hefur verið komið fram við Reykjavíkurborg sem landeiganda Akureyjar án þess að gerð hafi verið athugasemd við það eignarhald Reykjavíkurborgar.

⁵¹ Garðar Guðmundsson, Mjöll Snæsdóttir, Margrét Halldórsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson og Kolbeinn Árnason: „Fornir akrar á Íslandi“, bls. 80-84.

Af heiti Akureyjar sem og máldaga Víkurkirkju frá árinu 1379 verður ekki annað ráðið en að hún hafi verið akurlendi. Um eignarhald akra er sérstaklega fjallað í fornum lögbókum Íslendinga. Þannig gerði Grágás ráð fyrir því að tveir eða fleiri menn gætu átt akurlönd saman og eru þar að finna reglur um hvernig skipta átti akri á milli eigenda, sbr. 16. kapítula landsbrigðabáttar. Sambærilegar reglur er að finna í 3. og 4. kapítula landabrigðabálks og 20. kapítula kaupabálks Jónsbókar. Er þar sérstaklega mælt fyrir um að ef fleiri áttu jörð saman hafi þeim verið heimilt að brjóta hana, plægja eða pæla upp til akra. Jafnframt voru ýmis ákvæði sem ætlað var að vernda akurlendi fyrir ágangi og umferð og var ekki heimilt að hafa akurlendi til hvaða nota eða athafna sem er, sbr. 9., 11., 20., 43. og 48. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar og 3., 15., 32., 33. og 34. kapítula búnaðarbálks Jónsbókar. Ekki liggur ljóst fyrir hvenær akuryrkju var hætt í Akurey en samkvæmt jarðabók Árna og Páls var Akurey engi Nes jarðarinnar um 1700. Engi nutu sömu eða sambærilegrar verndar og akrar samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum Grágásar og Jónsbókar. Akurlendi og engi voru því tvímælalaust háð beinum eignarrétti einstakra manna eða jarða. Akurey taldist því aldrei til almenninga, afrétta eða annars slíks lands sem ekki var háð beinum eignarrétti einstakra manna eða jarða enda eyjan landfræðilega afmörkuð og eingöngu eigendur hennar hverju sinni sem fóru með öll yfirráð hennar.

Þerney

Þerney er um 0,54 ferkílómetrar að stærð, láglend og gróin. Beinn eignarréttur Reykjavíkurborgar yfir Þerney grundvallast á afsali, dags. 12. júní 1968, þar sem Samband íslenskra samvinnufélaga afsalaði jörðinni til fullrar eignar og umráða Reykjavíkurborgar (fskj. 24).

Í kröfúlýsingu íslenska ríkisins er Þerney tilgreind sérstaklega og þess krafist að hún verði úrskurðuð sem þjóðlenda, sbr. kafla 4.1.1.2. Krafa íslenska ríkisins til Þerneyjar er ekki rökstudd sérstaklega í kröfúlýsingu en vísað er til umfjöllunar um Þerney í jarðabók Árna og Páls frá 1703, sóknarlýsingu séra Stefáns Þorvaldssonar frá 1855 og Árbókar Ferðafélags Íslands fyrir árið 1936.

Sérstaka athygli vekur að í kafla 5.4 í kröfúlýsingu íslenska ríkisins kemur fram að þjóðlendukrafa íslenska ríkisins taki ekki til Engeyjar og Viðeyjar þar sem litið sé til þess að þær hafi verið í byggð í meira en 20 ár frá gildistöku laga nr. 46/1905 um hefð. Reykjavíkurborg hafnar alfarið þeirri röksemdafærslu að búseta hafi ein og sér úrslitabýðingu um það hvort eyja teljist þjóðlenda með vísan til fyrri umfjöllunar um kröfúlýsingu íslenska ríkisins. Engu að síður er hér um að ræða innbyrðis ósamræmi í kröfugerð íslenska ríkisins þar sem hið sama á við um Þerney, þ.e. að hún var í byggð í meira en 20 ár eftir að lög um hefð tóku gildi, eins og nánar verður vikið að í eftirfarandi umfjöllun. Því ætti að óbreyttu hið sama að gilda um Þerney og gildir um Engey og Viðey.

Í eftirgreindri umfjöllun er rakin saga eignarhalds og búsetu Þerneyjar eins og hún birtist í skjölum og fræðiritum.

Líkt og áður hefur verið rakið þá verður að telja að Þerney hafi verið hluti af landnámi Ingólfs Arnarsonar, eins og því er lýst í Landnámu, þar sem Þerney var tengd við meginland Íslands við landnám. Í ritgerð Björns Þorsteinssonar *Landnám Ingólfs* kemur fram að líklega hafi Þerney fylgt landnámi Halls Goðlausa en hann nam samkvæmt Landnámu, að undirlagi Ingólfs og úr landnámi Ingólfs, land frá Leiruvogi til Mógilsár.⁵² Sama sinnis er Haraldur Matthíasson í riti sínu *Landið og Landnáma*.⁵³

Elstu varðveittu rituðu heimildarinnar, sem Reykjavíkurborg er kunnugt um, þar sem Þerneyjar er getið má finna í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um árið 1200 þar sem getið er

⁵² Íslensk fornrit, I. bindi, bls. 48 og Björn Þorsteinsson: „Landnám Ingólfs“, bls. 27.

⁵³ Haraldur Matthíasson: *Landið og Landnáma*, bls. 83.

um kirkju í eyjunni.⁵⁴ Elsti máldagi kirkjunnar í Þerney er máldagi sem Magnús biskup Gissurarson ritaði og sem talinn er vera frá því um árið 1220. Samkvæmt honum átti kirkjan fjórar jarðir, þ.m.t. hálfa Þerney.⁵⁵ Samkvæmt umfjöllun í Íslenzku fornbréfasafni um máldaga kirkjunnar frá því um 1220 stóð þar bænhús með kirkjugarði fram á 19. öld. Eignarhaldi kirkjunnar á hálfri Þerney er einnig getið í máldaga frá haustinu 1269 sem Árni biskup Þorláksson setti og í Vilchinsmáldögum frá árunum 1367 og 1397.⁵⁶ Í máldaga Þerneyjarkirkju frá 1553 er áfram getið um að kirkjan eigi hálfa Þerney.⁵⁷

Á 16. öld virðist Þerney vera komin í eigu Danakonungs en hún er nefnd í staðfestingarbréfi Kristjáns 3. konungs frá 10. mars 1553, á meðal þeirra jarða sem Páll Hvítfeld, höfuðsmaður, hafði lagt skólameistararum í Skálholti.⁵⁸ Við það kemst hún í eigu Skálholtsbiskupsstóls og er hennar getið í ráðsmannsreikningi í Skálholti fyrir árið 1557, þ.e. um að tekin hafi verið heim til Skálholts kýr frá Þerney og þá væntanlega fyrir landskuld jarðarinnar.⁵⁹

Þerney kemst aftur í eigu Danakonungs þegar Páll Stígsson, höfuðsmaður, gerði Gísla biskup að skipta jörðum Skálholts fyrir jarðir í Borgarfirði árið 1563.⁶⁰ Þrátt fyrir að konungur hafi eignast Þerney er þess áfram getið í Gíslamáldaga frá árinu 1575 að kirkjan í Þerney eigi hálfa eyjuna.⁶¹ Aftan við máldagann frá 1575 hafði Oddur biskup Einarsson bætt við að engin kirkja væri í Þerney árið 1600 og ekkert kirkjukúgildi. Þerneyjar er getið sem sérstakrar jarðar í eigu konungs í jarðabókum og lénsreikningum á 17. öld.⁶²

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1703, er Þerney þá í konungseign og voru þrjár hjáleigur á jörðinni: Landakot, sem var á eyjunni en var þá í eyði, og sagt hafa verið í byggð frá árunum 1674 til 1701, Sundakot og að lokum Víðines.⁶³ Samkvæmt manntalinu 1703 bjuggu í Þerney Einar Þórðarson og Halldóra Erlendsdóttir, ásamt heimilisfólki.⁶⁴

Í lýsingu Jóns Odds Hjaltalíns, sýslumanns, á Kjósarsýslu frá 28. apríl 1746 er Þerney lýst. Þar kemur fram að Þerney sé í konungseign og að á eyjunni sé að finna einn bæ og eina þurrabúð en heiti þurrabúðarinnar er ekki getið.⁶⁵

Í lýsingu Kjósarsýslu í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar af ferðum þeirra árin 1752-1757 er Þerneyjar getið og tekið fram að hún sé í byggð og í konungseign.⁶⁶

Í jarðabók Skúla Magnússonar, landfógeta, sem yfirleitt er kennd við árið 1760, er Þerney tilgreind sem sérstök jörð og sögð í eigu konungs.⁶⁷ Í jarðabókinni eru tilgreindar sem hjáleigur jarðarinnar Sundakot, Víðines og Landakot.

Í lýsingu Skúla Magnússonar, landfógeta, á Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1785 er Þerney sögð vera í konungseign.⁶⁸ Samkvæmt lýsingunni skilst Þerney frá meginlandi af mjóu sundi. Skúli getur í lýsingunni að Þerney eigi tvær hjáleigur á meginlandi en nafngreindir þær ekki. Þá kemur

⁵⁴ Íslenzkt fornbréfasafn, XII., bls. 9.

⁵⁵ Íslenzkt fornbréfasafn, I., bls. 413.

⁵⁶ Íslenzkt fornbréfasafn, II., bls. 64-65, Íslenzkt fornbréfasafn, III., bls. 220 og Íslenzkt fornbréfasafn, IV., bls. 113.

⁵⁷ Íslenzkt fornbréfasafn, III., bls. 665.

⁵⁸ Íslenzkt fornbréfasafn, XII., bls. 524-525.

⁵⁹ Íslenzkt fornbréfasafn, XIII., bls. 170.

⁶⁰ Íslenzkt fornbréfasafn, XIV., bls. 155-158.

⁶¹ Íslenzkt fornbréfasafn, XV., bls. 635.

⁶² Sjá hér t.d. Jarðabók Johans Klein 1639. Þí. Rtk. E/1 örk 1 1639–1699 og Lénsreikningur fyrir reikningsárið 1647 til 1648. Þí. Rtk. F/6 Lénsreikningar.

⁶³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, þriðja bindi, bls. 329-332.

⁶⁴ Upplýsingar fengnar af manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands www.manntal.is.

⁶⁵ Jón Oddsson Hjaltalín: „Lýsing Kjósarsýslu 1746“, bls. 27.

⁶⁶ Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757, 1. bindi, bls. 3.

⁶⁷ Þí. Rentukammer 1928 E/22-E/58.

⁶⁸ Skúli Magnússon: „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu“, bls. 136-137.

fram að Þerney eigi landsvæðið Sveigsmýrar á meginlandi með jörðinni Álfnes. Í Þerney hafi samkvæmt Skúla áður verið æðarvarp sem hafi horfið sökum óvarlegrar nytjunar.

Í jarðatali Johnsen frá 1847 kemur fram að Þerney hafi verið seld samkvæmt konungsúrskurði frá 11. september 1816 á 416 ríkisdali, ásamt Víðinesi og Sundakoti.⁶⁹ Í jarðatalinu er þess getið að þar sem kaupandi hafi ekki greitt kaupverð Þerneyjar hafi eyjan verið tekin aftur undir konung árið 1831 og þá seld með timburhúsi á jörðinni fyrir 1595 ríkisdali. Jafnframt getur Johnsen þess að með fyrrgreindum sölum á Þerney hafi fylgt eyðihjáleigan Landakot.⁷⁰ Hinn 18. maí 1820 er þinglýst konunglegu afsalsbréfi fyrir Þerney með hjáleigum, dags. 15. apríl 1818, en viðtakandi þess er ónefndur (fskj. 14).⁷¹ Samkvæmt manntali 1816 var Einar Jónsson og kona hans Ingveldur Jafetsdóttir og börn ásamt vinnufólki þá skráðir íbúar í Þerney.⁷²

Samkvæmt manntali 1835 var Einar Jónsson þá skráður bóndi í Þerney og bjó hann þar ásamt konu sinni, Guðrúnu Þórðardóttur, börnum þeirra og vinnufólki.⁷³ Samkvæmt manntali 1840 var Alfífa Þórðardóttir skráður húsbóndi og eigandi Þerneyjar og bjó hún þar ásamt fjórum sonum hennar og heimilisfólki.⁷⁴ Í manntali 1845 er Þórður Tómasson og kona hans Margrét Jónsdóttir skráð á Þerney, ásamt fjölskyldu og heimilisfólki.⁷⁵

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 er Þerney sögð í bændaeign.⁷⁶ Ábúendur og eigendur voru þá þrír. Í jarðatalinu eru Víðinesi og Sundakot (Niðurkot) tilgreindar sem hjáleigur Þerneyjar.

Í jarðamati á Íslandi 1849-1850 er Þerney tilgreind sem sérstök jörð og metin matsverði.⁷⁷

Þórður Tómasson er í manntali 1850 skráður í Þerney sem ekill sem og Sigurður Tómasson og Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir kona hans. Jafnframt eru þar skráð búsett börn þeirra og annað heimilisfólk. Í manntali 1855 eru þeir Þórður og Sigurður enn skráðir í Þerney, ásamt eiginkonum þeirra og heimilisfólki en Þórður hefur þá gífst að nýju. Í manntalsskrá 1860 eru skráð í Þerney hjónin Sigurður Jónasson og Guðrún Þorsteinsdóttir, ásamt börnum og vinnuhjúum.⁷⁸

Í lýsingu séra Stefáns Þorvaldssonar á Mosfells- og Gufunessóknum frá 1855 er Þerney talin á meðal jarða í sókninni og fram kemur að henni tilheyri hjáleigan Niðurkot og þess getið að umrædd hjáleiga hafi einnig verið nefnd Sundakot.⁷⁹ Kemur þar meðal annars fram að Þerney sé grasgefin og öll grasi vaxin. Jafnframt sé í henni að finna æðarvarp og að töðufall sé gott. Þá er þess getið að Víðinesi hafi áður legið undir Þerney og var þá sameiginleg kóngseign en sé við ritun lýsingarinnar orðin sérstök eign. Í lýsingunni er ekki getið um hjáleiguna Landakot.

Hinn 24. maí 1870 er þinglýst afsalsbréfi frá Bjarna Jónssyni til Sigurðar Arasonar fyrir hlut úr jörðinni Þerney, dags. 10. mars 1869 (fskj. 15).⁸⁰

Í manntalsskrá 1870 eru Sigurður Arason, sjálfseignarbóndi, og hans fjölskylda skráðir íbúar í Þerney. Í manntölum 1880, 1890 og 1901 eru Magnús Benediktsson, húsamaður, og hans fjölskylda skráð búsett í eyjunni.⁸¹

⁶⁹ Jón Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, bls. 438.

⁷⁰ Jón Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, bls. 460.

⁷¹ Gullbringu- og Kjósarsýsla GA/08-1 (1816-1829).

⁷² Upplýsingar fengnar af manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands www.manntal.is.

⁷³ Upplýsingar fengnar af manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands www.manntal.is.

⁷⁴ Upplýsingar fengnar af manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands www.manntal.is.

⁷⁵ Upplýsingar fengnar af manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands www.manntal.is.

⁷⁶ Jón Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, bls. 96-97.

⁷⁷ *Skýrslur um landshagi á Íslandi*, 1. bindi, bls. 666.

⁷⁸ Upplýsingar fengnar af manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands www.manntal.is.

⁷⁹ *Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855*, bls. 152.

⁸⁰ Gullbringu- og Kjósarsýsla GA/090-2 (1865-1874), bls. 78.

⁸¹ Upplýsingar fengnar af manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands www.manntal.is.

Um aldamótin 1900 hafði Helgi Helgason, tónskáld og útgerðarmaður, eignast Þerney og átti þar heimili ásamt konu sinni Guðrúnu Sigurðardóttur, dóttur Sigurðar Arasonar sem áður hafði átt og búið í eyjunni. Fyrir liggur þinglesið afsalsbréf fyrir hálfri Þerney útgefið af Gróu Oddsdóttur, ekkju fyrrgreinds Sigurðar Arasonar, til Helga Helgasonar, dags. 30. apríl 1898 (fskj. 16).⁸²

Hálf Þerney var auglýst til sölu í Auglýsaranum 16. og 23. nóvember 1902.⁸³ Skiptaráðandinn í Reykjavík gaf út afsalsbréf, dags. 17. febrúar 1904, til Guðmundar Guðmundssonar fyrir hálfri Þerney og hluta úr býlinu Niðurkoti (fskj. 17).⁸⁴ Þá liggur fyrir þinglesinn kaupsamningur með árituðu afsali, dags. 25. maí 1909 og 3. nóvember 1909, fyrir hálfri jörðinni Þerney og hálfri jörðinni Niðurkoti til Guðmundar Guðmundssonar (fskj. 18).⁸⁵ Guðmundur Guðmundsson var þá kominn með eignarheimild fyrir Þerney í heild sinni. Hann afsalaði síðan syni sínum, Guðmundi Kr. í Vegamótum, jörðunum Þerney og Niðurkoti með afsali, dags. 27. ágúst 1911 (fskj. 19).⁸⁶

Makaskiptasamningur var gerður milli Guðmundar Kr. Guðmundssonar og Boga A.J. Þórðarsonar á Lágafelli, dags. 21. mars 1919, um jörðina Þerney með Niðurkoti og jörðina Minna Mosfell, að því er Minna Mosfell varðar (fskj. 20).⁸⁷ Hinn 27. mars 1919, var svo gerður annar makaskiptasamningur milli sömu aðila þar sem Þerney og Niðurkoti var afsalað til Boga (fskj. 20).⁸⁸ Sama ár birti Bogi auglýsingu í Vísi, þar sem upplýst var að samkvæmt lögum frá 10. nóvember 1913 um friðun æðarfugls hafi á síðasta manntalsþingi Kjalarneshrepps jarðirnar Þerney og Sundakot (Niðurkot) verið friðlýstar.⁸⁹ Í manntalsskrá 1920 er þess getið að Sigurður Guðmundsson sé húsbóndi í Þerney og að jafnframt séu þar búsett þrjú börn hans og bústýra.⁹⁰

Í fasteignabók sem öðlaðist gildi 1. apríl 1922 og leysti af jarðabókina 1861 er Þerneyjar getið sem sérstakrar jarðar og landverð hennar metið.⁹¹

Hinn 23. júní 1924 er þinglýst afsalsbréf fyrir jörðunum Þerney og Niðurkoti.⁹² Guðmundur Jónsson, skipstjóri og bóndi á Reykjum, eignaðist jarðirnar Þerney og Víðines árið 1926 og hafði búskap á þeim býlum báðum (fskj. 21). Seljandi var Gunnar Gunnarsson, verslunarmaður í Hafnarstræti í Reykjavík.⁹³

Hafliði Pétursson, bóndi og kona hans, Steinunn Þórðardóttir, voru með búskap þar árin 1931-1934 og eru skráð búsett í Þerney fram til 1933 samkvæmt sóknarmannatali fyrir Mosfellsprestakall en eftir þann tíma virðist enginn skráður sem íbúi í Þerney.⁹⁴

⁸² Gullbringu- og Kjósarsýsla GA/12-1 (1895-1901), bls. 154.

⁸³ Auglýsarin – Auglýsingablað Íslands, 16. og 21. nóvember 1902.

⁸⁴ Gullbringu- og Kjósarsýsla GA/15-2 (1909-1912), bls. 312.

⁸⁵ Gullbringu- og Kjósarsýsla GA/16-2 (1910-1914), bls. 6.

⁸⁶ Gullbringu- og Kjósarsýsla GA/15-2 (1909-1912), bls. 312-313.

⁸⁷ Gullbringu- og Kjósarsýsla GA/22-1 (1919-1921), bls. 3-4.

⁸⁸ Morgunblaðið, 6. árg., 148. tbl., 10. apríl 1919, forsiða, og Gullbringu- og Kjósarsýsla GA/22-1, bls. 11. Sjá hér einnig umfjöllun í Vísi 9. apríl 1919, þar sem fram kom eftirfarandi: „Þerney hefur nýlega verið seld fyrir 50 þúsund kr. Seljandi er Guðmundur Guðmundsson frá Vegamótum, en kaupandi Bogi A. Þórðarson á Lágafelli. Þerney er að sumra dómi mjög hentug veiðistöð til útgerðar í stórum stíl.“ Sömu umfjöllun var að finna í Morgunblaðinu 10. apríl 1919.

⁸⁹ Visir, 148. tbl., 3. júní 1919.

⁹⁰ Upplýsingar fengnar af manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands www.manntal.is.

⁹¹ Fasteignabók löggilt af stjórnarráði Íslands samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóvember 1915, bls. 19.

⁹² Gullbringu- og Kjósarsýsla GA/23-2 (1923-1924), bls. 281.

⁹³ Ægir, „Guðmundur Jónsson skipstjóri“, 8. – 9. tbl. 1. ágúst 1946, bls. 205.-206, og Gullbringu- og Kjósarsýsla GA/24-2 (1925-1926), bls. 380.

⁹⁴ Þí. Mosfell í Mosfellssveit – prestakall 0-181. Í öðrum heimildum er getið um lengri fasta búsetu í Þerney. Þannig kemur fram í viðtali við Guðvarð Sigurðsson, sjómann, í tengslum við æðarvarp í Þerney, að í eyinni hafi verið búið nokkuð stóru og myndarlegu búi allt til 1937 en þá hafi það verið lagt niður af einhverjum orsökum, sjá nánar Tíminn, 21. júní 1987, bls. 2. Þá getur Haraldur Sigurðsson, æðarbóndi, þess í viðtal við Morgunblaðið að búskapur hafi verið í Þerney fram til 1943. Sjá hér nánar Morgunblaðið 27. júlí 1997, bls. 10.

Þerney var auglýst til sölu í fjölmiðlum árið 1943 og þar óskað eftir tilboðum.⁹⁵ Sigurður Jónasson, framkvæmdastjóri ÁTVR í Reykjavík, keypti jarðirnar Þerney, Víðines ásamt Gunnunesi (Niðurkot) af Guðmundi á Reykjum samkvæmt afsalsbréfi, dags. 17. ágúst 1944, og er þar tekið fram að merki jarðanna væru þau sömu og verið höfðu, að öðru leyti en því að austurmörk Víðiness breyttust (fskj. 22).⁹⁶ Sigurður seldi í framhaldinu Sambandi íslenskra samvinnufélaga jörðina með afsali, dags. 11. mars 1946 (fskj. 23).⁹⁷ Í afsalinu kemur fram að hin selda jörð sé seld í því ástandi sem hún var í, með öllum mannvirkjum, gögnum og gæðum til lands og sjávar. Tilgangurinn með kaupunum var að nota jarðirnar sem framtíðar iðnaðarlóðir fyrir samvinnufélögin enda aðstaðan til slíkra hluta talin hin hentugasta.

Á 66. löggjafarþingi Alþingis árið 1946 var til meðferðar lagafrumvarp sem varð að lögum nr. 44/1947 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra. Í frumvarpinu var kveðið á um uppsetningu á sóttvarnar- og einangrunarstöð fyrir innflutt dýr í nánd við aðalinnflutningshöfn landsins, Reykjavík, og í því sambandi nefndar nokkrar eyjur varðandi staðsetningu hennar. Þannig var gert ráð fyrir að í eyjum við Reykjavík þyrfti að vera húsnæði og land til þess að einangra innflutt dýr og jafnvel vörur og muni á tryggilegan hátt og gripahirðir til umsjónar. Í athugasemdum við IX. kafla frumvarpsins kemur fram að gert væri ráð fyrir að grípa þyrfti til eignarnáms eða leigunáms til þess að fá heppilegustu staði fyrir hina tvíþættu starfsemi, annars vegar til varanlegrar frambúðar og hins vegar til skemmri tíma og að sú heimild væri einskorðuð við eyjarnar Engey, Þerney og Viðey. Í umræðum á Alþingi um frumvarpið kom meðal annars fram í máli þingmanna að í því væru nefndar „hinar dýrmætustu eyjar“ og að „þótt vitað sé, að ríkið á nægilegt land fyrir undir þessar ráðstafanir“, og í því sambandi lagt til að tiltekinni grein yrði breytt á þá leið að „í eyju í nágrenni Reykjavíkur“ yrði fellt niður enda sjáanlegt að eignarnám myndi kosta ríkissjóð mikið fé.⁹⁸

Með afsali, dags. 12. júní 1968, eignaðist Reykjavíkurborg Þerney (fskj. 24). Í afsalinu segir orðrétt:

Samband ísl. samvinnufélaga, Reykjavík, gerir með bréfi þessu kunnugt, að það selur hér með og afsalar Reykjavíkurborg til fullrar eignar og umráða, eignarjörð sína Þerney í Kjalarneshreppi.

Afsalinu ásamt þremur umboðum meðstjórnenda Sambands íslenskra sveitarfélaga til forstjóra þess var þinglýst á lóðina og fékk skjalnúmerið 411-C-06592. Eignarheimild seljanda er tilgreind afsalið frá 11. mars 1946 og áritað er á afsalið að Kjalarneshreppur falli frá forkaupsrétti í samræmi við lög nr. 40/1948 um kauprétt á jörðum. Um söluna var meðal annars fjallað í Vísi 21. júní 1968 og þar tekið fram að Þerney ásamt Gunnunesi, sem Reykjavíkurborg keypti líka af félaginu ásamt fasteign að Njarðargötu, myndi reynast borginni góð eign með tímanum þar sem aðalskipulag gerði ráð fyrir að þar inn við sundin yrði gert mikið hafnar- og iðnaðarsvæði.⁹⁹

Í kjölfar kaupa Reykjavíkurborgar á Þerney var afráðið að vistheimilið Víðinesi myndi annast jörðina án endurgjalds og halda þar meðal annars við æðarvarpi. Frá kaupunum hefur Reykjavíkurborg gert afnotasamninga við einstaklinga, þá einkum um nytjarétt af æðarvarpi (fskj. 26 og 27).¹⁰⁰

⁹⁵ Þjóðviljinn, 23. nóvember 1943, bls. 6.

⁹⁶ Afsalsbréf, dags. 17. ágúst 1944, móttekið 21. september 1944 og innritað til þinglestrar á manntalsþingi Kjalarneshrepps 1945.

⁹⁷ Afsalsbréf, dags. 17. ágúst 1944, móttekið 21. september 1944 og innritað til þinglestrar á manntalsþingi Kjalarneshrepps 1945.

⁹⁸ Alþingistiðindi, 66. löggjafarþing, bls. 286-296 og frumvarp til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, lagt fyrir á 66. löggjafarþingi 1946.

⁹⁹ Vísir 21. júní 1968, forsiða - „SÍS selur landeignir til að grynna á skuldum við Landsbankann“.

¹⁰⁰ Guðvarður Sigurðsson leigði Þerney af Reykjavíkurborg frá árinu 1987. Haraldur Sigurðsson tók við af honum árið 1995 og leigusamningur Reykjavíkurborgar við hann itrekað framlengdur um nokkurra ára skeið.

Þerney er á skrá yfir friðlýst svæði á Íslandi og fellur undir skráningu nr. 129 á náttúrumínjaskrá nr. 631/1994 en hefur verið á skránni frá árinu 1978. Þerney er einnig hverfisvernduð meðal annars vegna líffræðilegrar fjölbreytni. Þá hefur Reykjavíkurborg sem jarðeiganda verið gefinn kostur á að gæta hagsmunna sinna í samræmi við gildandi náttúruverndarlög hverju sinni. Þá taldi Minjastofnun friðlýsingu menningar- og búsetulandslags í Þerney meðal annars nauðsynlega í tengslum við fyrirhugaða lagningu Sundabrautar og kom þeim athugasemdum á framfæri við Reykjavíkurborg sem eiganda jarðarinnar. Rennur þetta að mati Reykjavíkurborgar enn frekari stoðum undir það að íslenska ríkið hefur með athöfnum sínum og athafnaleysi viðurkennt að Þerney sé eignarland.

Fjölskyldu- og húsdýragarðinum var veittur umsjónar- og afnotaréttur með samkomulagi, dags. 6. júní 1994. Þá hefur Reykjavíkurborg veitt fyrirtækjum leyfi til sýnatöku og rannsókna á jarðvegi o.fl. á landi og fjöru, sbr. til dæmis umsókn Björgunar ehf. um leyfi til sýnatöku af hafsbotni í Þerneyjarsundi með vísan til laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins. Orkustofnun leitaði umsagnar Reykjavíkurborgar í ljósi þess að fyrirhugaðar sýnatökur væru að hluta til innan netlaga Þerneyjar og þar með innan lögsögu borgarinnar.

Fornleifadeild Þjóðminjasafns fór í rannsóknarferð í Þerney 25. maí 1983 og gaf út skýrslu um minjar sem þar fundust. Í þeirri ferð fundust meðal annars bæjarrústir býlis sem fór í eyði árið 1934. Bærinn hafði þá verið brenndur, að öllum líkindum árið 1955, vegna slysaheytu.¹⁰¹

Árið 2020 var gerð breyting á skráningu Þerneyjar í fasteignaskrá á grundvelli laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna (fskj. 28). Af Þerney voru þannig teknir 57,8 hektarar sem bætt var við nýtt land, Gunnunes, landnúmer L230677, og varð Þerney eftir breytingu á lóðarmörkum samtals 50,2 hektarar.

Samantekt

Þerney var hluti af landnámi Ingólfs Arnarsonar og svo seinna Halls goðlausa. Á 12. öld er Þerneyjar getið sem kirkjustaðar og jarðar og var hún kirkjustaður fram undir 1600. Þá átti Þerney hjáleigur bæði á sjálfri eyjunni sem og á meginlandi. Þerney er komin í konungseign á 16. öld en fer þaðan til Skálholtsbiskupsstóls árið 1553. Aftur kemst jörðin í eigu konungs árið 1563 og er frá þeim tíma í konungseign fram á 19. öld er hún er seld í einkaeign. Frá því Þerney komst í einkaeign hefur hún gengið kaupum og sölum og verður ekki annað ráðið af efni og orðalagi þeirra heimilda sem vísað er til í framangreindri umfjöllun en að um beinan eignarrétt hafi verið að ræða yfir jörðinni Þerney sem gengið hefur manna á milli. Í því samhengi er Reykjavíkurborg ekki kunnugt um fordæmi fyrir því að jarðir sem setnar voru frá landnámsöld og fram á tuttugustu öld og áttu hjáleigur og voru kirkjustaðir, sem Þerney var, geti talist þjóðlendur í skilningi þjóðlendulaga.

Helst má skilja kröfugerð íslenska ríkisins þannig að þar sem að í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1936 komi fram að eyjan hafi þá verið nytjuð af landi teljist hún ekki háð beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi þá getur Árbók Ferðafélags Íslands ekki haft neitt sjálfstætt sönnunargildi, sér í lagi þegar upplýsingar er fram koma í henni eru í andstöðu við upplýsingar sem eru að finna í opinberum samtímaheimildum, þ.e. kirkjubókum, sem geta um búsetu fólks fram á fjórða tug tuttugustu aldar. Með engu móti er því hægt að líta svo á að stofnast hafi til óbeinna eignarréttinda þegar litið er til staðháttar og fyrirliggjandi heimilda um nýtingu landsins. Óslitin byggð hafi verið í Þerney a.m.k. frá því um 1200 fram á miðja 20. öld en miða verði við að búseta hafi getað talist lagst þar af í fyrsta lagi árið 1934. Bent er á í því sambandi að Minjastofnun hefur talið að svæðið sem nær yfir Þerney og Þerneyjarsund sé einstakt og hafi mikla þýðingu fyrir sögu byggðar á Suðvesturlandi enda búsetulandslag þar til staðar sem vitnar um mannvist í Þerney fram á miðja 20. öld.

¹⁰¹ Minjar í Þerney – Rannsóknarferð 25. maí 1983, bls. 3.

Gagnstætt því sem haldið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins liggja fyrir skriflegar heimildir um að Þerney hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Búskapur var þar stundaður fram undir miðja síðustu öld og er þar að finna húsatóftir og aðrar gamlar minjar til merkis um horfna tíma. Eigendur jarðarinnar hafa farið með full umráð Þerneyjar og hagnýtingu hennar og gert ráðstafanir með löggerningum um jörðina á sama hátt og gildir um eignarland að engu undanskildu. Til staðar er jafnframt athugasemdalaus og þinglýst eignarheimild Reykjavíkurborgar fyrir Þerney og einnig þeirra sem hún leiðir rétt sinn frá eins og rakið er hér að framan. Íslenska ríkið hefur ekki gert athugasemdir við eða aðhafst á nokkurn hátt vegna skráninga á eignarhaldi jarðarinnar, t.d. á grundvelli eignarheimilda eins og þinglýsingarbóka.

Eiðisker

Eignarheimild og beinn eignarréttur Reykjavíkurborgar yfir Eiðiskeri byggist á afsali Eiríks Bjarnasonar, bónda á Eiði, á jörðinni Eiði til Reykjavíkurbæjar, dags. 25. september 1903 (fskj. 29). Þar sem Eiðisker er innan netlaga Eiðis og liggur næst landi Eiðis telst það hluti þess, sbr. 2. kaþítuli rekabálks Jónsbókar og 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

Selsker

Eignarheimild og beinn eignarréttur Reykjavíkurborgar yfir Selskeri byggist á afsali Hannesar Hafsteins, ráðherra Íslands, á jörðinni Örfirisey til Reykjavíkurbæjar 28. nóvember 1906, sbr. lög nr. 29/1905 (fskj. 30), og eignarhaldi Reykjavíkurborgar á jörðinni Reykjavík, sbr. konungsúrskurð 18. ágúst 1786, tilskipun um fríheit kaupstaðanna á Íslandi 17. nóvember 1786, bréf Rentukammersins 19. apríl 1788, sem staðfesti útmælingu kaupstaðarlóðarinnar frá 12. febrúar 1787, bréf Rentukammersins, dags. 13. september 1791 og bréf Rentukammersins, dags. 27. apríl 1793, sem staðfesti útmælingu kaupstaðarlóðarinnar 22. og 23. maí 1792.¹⁰²

Í skrá frá árinu 1500 um landamerki milli Víkur (Reykjavíkur) á Seltjarnarnesi, Örfiriseyjar, Eiðs og Lambastaða er landamerkja á milli Víkur og Örfiriseyjar meðal annars lýst þannig að þau liggi frá Grandahöfða út í gegnum miðja hólmana.¹⁰³ Hólmar þessir sem vísað er til eru í dag yfirleitt nefndur Grandahólmi en einnig áður Akureyjarhólmi. Þá hefur Grandahöfði einnig verið nefndur Grandahaus. Samkvæmt þessari lýsingu tilheyrði Grandahólmi Reykjavík og Örfirisey.¹⁰⁴

Af framangreindu er ljóst að Selsker eru næst Grandahólma, sem tilheyrir landi Örfiriseyjar og Reykjavíkur, og lá þannig fyrir utan land Örfiriseyjar og Reykjavíkur. Jafnframt er Selsker innan netlaga Örfiriseyjar og Reykjavíkur og telst það því hluti jarðanna, sbr. 2. kaþítuli rekabálks Jónsbókar og 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

Hákarlasker

Eignarheimild og beinn eignarréttur Reykjavíkurborgar yfir Hákarlaskeri byggist á afsöllum Reykjavíkurborgar fyrir Viðey, sér í lagi afsali Ólafs Stephensen, á jörðinni Viðey til

¹⁰² *Lovsamling for Island, 5. bindi*, bls. 301-316, *Lovsamling for Island, 5. bindi*, bls. 343-352, *Lovsamling for Island, 5. bindi*, bls. 519-520, *Lovsamling for Island, 5. bindi*, bls. 747 og *Lovsamling for Island, 6. bindi*, bls. 112-113. Enn fremur má hér benda á bréf Rentukammers frá 4. maí 1833, sbr. *Lovsamling for Island, 10. bindi*, bls. 313-314.

¹⁰³ Íslenskt fornbréfasafn, XII., bls. 458.

¹⁰⁴ Í ritgerð Þórbergs Þórðarsonar „Lifnaðarhættir í Reykjavík á síðari helmingi 19. aldar“, bls. 234, er að finna lýsingu á Grandahólma og Grandahöfða sem Þórbergur byggir á lýsingu Ólafs Jónssonar, fiskimatsmanns, séra Þórði Ólafssyni og Sigurði Halldórssyni. Í lýsingu ritgerðarinnar kemur fram um Örfiriseyjargranda að þar sem beygja var á grandanum, gekk norðvestur úr honum annar grandur sem lá í sveig út í Akureyjarhólma eða Hólmann. Einnig kemur fram að hann hafi ýmist verið nefndur Norðurgrandi eða Vesturgrandi. Um grandamótin var samkvæmt lýsingu umræddra manna lítil þúst á Örfiriseyjargranda. Hún hét Grandahaus eða Grandahöfði. Þessi ornefni samkvæmt fyrrgreindri lýsingu sjást bersýnilega á ljósmynd Sigfúsar Eymundssonar af Reykjavík sem tekin var árið 1881 af Skólavörðuholti, sjá hér *Sigfús Eymundsson, Reykjavík 1881, EFT 1240, Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. Í lýsingu Skúla Magnússonar, landfógeta, á Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1785 getur hann þess að verslunarhús hafi þá áður staðið á Grandahólma en að sjór hafi brotið af honum allan jarðveg. Sjá Skúli Magnússon: „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu“, bls. 128-129.

Reykjavíkurborgar, dags. 16. mars 1983, og gjafaafsali íslenska ríkisins á Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju, dags. 17. ágúst 1986, sbr. lög nr. 47/1986 (fskj. 31 og 32). Þar sem Hákarlasker liggur innan netlaga Viðeyjar og næst landi Viðeyjar telst það hluti þess, sbr. 2. kaþítuli rekabálks Jónsbókar og 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

Ónafngreind sker milli Viðeyjar og Gufuness

Eignarheimild og beinn eignarréttur Reykjavíkurborgar yfir skerjum þessum byggist á afsölum Reykjavíkurborgar fyrir Viðey, sér í lagi fyrrgreindu afsali Ólafs Stephensen á jörðinni Viðey til Reykjavíkurborgar og makaskiptasamningi Reykjavíkurborgar og Útvegsbanka Íslands hf., dags. 19. janúar 1963, sem og afsali Eggerts Jónssonar til bæjarsjóðs Reykjavíkur á jörðinni Gufunes, dags. 5. júní 1924 (fskj. 31, 33 og 34). Umrædd sker eru innan netlaga bæði Viðeyjar og Gufuness, sem báðar eru í eigu Reykjavíkurborgar, og eru sker þessi næst landi umræddra jarða. Sker milli Viðeyjar og Gufuness eru því háð beinum eignarrétti Reykjavíkurborgar, sbr. 2. kaþítuli rekabálks Jónsbókar og 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

Skarfaklettur við Kjalarnes

Eignarheimild og beinn eignarréttur Reykjavíkurborgar yfir Skarfaklettum byggist á afsali Thors Jensen á jörðinni Arnarholti til Reykjavíkurkaupstaðar, dags. 8. júlí 1943 (fskj. 35). Skarfaklettur eru innan netlaga Arnarholts, sbr. 2. kaþítuli rekabálks Jónsbókar og 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

Löngusker/Hólmar

Af kröfulýsingu íslenska ríkisins verður ekki fyllilega ráðið hvort íslenska ríkið telji Löngusker til þjóðlendu. Þannig er í kafla 5.4. í kröfulýsingu íslenska ríkisins tekið fram að utan kröfu íslenska ríkisins falli *Löngusker (Reykjavíkurborg)*. Á hinn bóginn kemur fram í kafla 5.2. að kröfulýsing íslenska ríkisins taki til *hólma norðan og vestan Álfþaness* en hér er væntanlega meðal annars átt við Hólma sem eru suðaustan Lönguskerja þó það sé ekki fyllilega ljóst. Aftur á móti er í kortasjá óbyggðanefndar yfir svæði 12 bæði Löngusker og Hólmar afmörkuð innan þjóðlendukröfu íslenska ríkisins. Að mati Reykjavíkurborgar verður við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd að leggja til grundvallar það sem fram kemur í kröfulýsingu íslenska ríkisins óháð því hvað megi ráða af kortasjá, sbr. 10. gr. þjóðlendulaga. Með vísan til þess er að mati Reykjavíkurborgar ekki heimild fyrir því að taka Löngusker til meðferðar hjá óbyggðanefnd.

Engu að síður komi til þess að óbyggðanefnd telji rétt að taka til meðferðar ætlaða kröfu íslenska ríkisins til Lönguskerja og Hólma þá byggir Reykjavíkurborg eignarheimild og beinan eignarrétt sinn til Lönguskerja og Hólma á afsali Landsbanka Íslands til borgarsjóðs Reykjavíkur á lóð úr landi Þormóðsstaða, dags. 15. ágúst 1990, og eignarhaldi sínu yfir landi úr jörðinni Skildinganes, sbr. sérstaklega eignarnám samkvæmt lögum nr. 47/1933 á spildu The Harbours & Piers Association land og afsali Skeljungs hf. á fjórum eignalóðum í Skerjafirði, dags. 7. maí 1998, en Löngusker og Hólmar eru innan netlaga Skildinganess, sbr. 2. kaþítuli rekabálks Jónsbókar og 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 (fskj. 36 og 37).¹⁰⁵

Lagarök

Reykjavíkurborg vísar til 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttinda, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hafi verið með samnefndum lögum nr. 62/1994, þinglýsingalaga nr. 39/1978, einkum 25. - 26. og 29. gr. laganna um rétt þinglýsts eiganda og réttarvernd þinglýstra skjala, óskráðra reglna eignarréttarins um beinan eignarrétt og til meginreglna réttarfars um sönnunarbyrði, m.a. þeirrar reglu að sá sem gerir tilkall til eignar úr höndum annars manns hafi sönnunarbyrðina, stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og til 71. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um sama efni. Vísað er til 1. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur o.fl. um skilgreiningu á eignarlöndum, 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga um

¹⁰⁵ Það athugast að Þormóðsstaðir byggðust úr landi Skildinganess.

hefð nr. 46/1905 og eignarréttarreglna í Grágás og Jónsbók. Þá er vísað til tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

Áskilnaður

Áskilinn er réttur til að koma að frekari kröfum, sjónarmiðum og röksemdum til stuðnings kröfulýsingu þessari á síðari stigum, þar með talið í sérstakri greinargerð að lokinni kerfisbundinni gagnaöflun á vegum óbyggðanefndar. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Jafnframt óskar Reykjavíkurborg eftir tækifæri til þess að koma fyrir nefndina, leiða vitni fyrir hana sem og að koma að í málinu annarri nauðsynlegri sönnunarfærslu, allt eftir því sem kröfugerð og málatilbúnaður íslenska ríkisins gefur tilefni til.

Þess er óskað að ef óbyggðanefnd hafi samband við undirritaða fyrir hönd Reykjavíkurborgar telji óbyggðanefnd eitthvað óljóst í málatilbúnaði Reykjavíkurborgar eða óski nánari skýringa eða frekari gagna um kröfulýsingu Reykjavíkurborgar í málinu.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,



Ebba Schram

borgarlögmaður

Óbyggðanefnd
Borgartúni 29
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. september 2025

Efni: Endurskoðun kröfulýsinga um þjóðlendur á svæði 12, eyjar og sker

Með bréfi þessu er óbyggðanefnd tilkynnt um niðurstöðu endurskoðunar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, á þjóðlendukröfum á svæði 12, eyjar og sker.

Endurskoðun krafna af hálfu íslenska ríkisins hefur leitt til þess að fallið hefur verið frá kröfum í fjölda eyja og skerja. Grundvöllur endurskoðunar byggir á mati á fyrirliggjandi heimildum, þannig að tekið hefur verið sérstakt tillit til sérstöðu eyja og skerja, samanborið við landsvæði á meginlandinu. Jafnframt var þó litið til þeirra almennu sjónarmiða sem lögð hafa verið til grundvallar niðurstöðum í þjóðlendumálum og mótast hafa í réttarframkvæmd, þannig að þau eigi í öllum aðalatriðum einnig við um eyjar og sker.

Við endurskoðun og afmörkun kröfulýsinga um þjóðlendur á svæði 12 hefur verið lagt til grundvallar að þar sem eyjar og sker falla innan landamerkjalyýsinga jarða, þar sem merkjum jarða er með öðrum hætti lýst þannig að landamerki taki til ákveðins hafsvæðis eða einstakra eyja og skerja, eða ef þeirra er getið í landamerkjabréfi þótt þær séu utan merkjalýsingar sem slíkrar, teljist slíkar eyjar og sker hluti viðkomandi jarðar. Sama á við þar sem eyja og skerja eða nýtingar þeirra er getið í umfjöllun í öðrum áreiðanlegum heimildum um tiltekna jörð. Loks hefur verið litið til þess hvort landfræðilegar aðstæður, staðhættir og nýting aðliggjandi eyja og skerja mæli með því að litið sé svo á að hlutaðeigandi eyjar og sker teljist hluti eignarlands.

Við alla yfirferð og endurskoðun krafna hafa kröfulýsingar gagnaðila, sem bárust við lok kröfulýsingarfrests þann 14. febrúar 2025, haft verulega þýðingu.

Yfirlit yfir kröfur íslenska ríkisins eftir endurskoðun er nú aðgengilegt á kortasjá á heimasíðu óbyggðanefndar.¹ Líkt og þar má sjá eru þær eyjar og sker sem íslenska ríkið hefur nú eftir endurskoðun fallið frá kröfum í, merktar með *fjólubláum* lit. Eftirstandandi kröfur íslenska ríkisins í þjóðlendur eru sem áður merktar með *bláum* lit. Loks eru önnur svæði sem eru undanskilin kröfugerð ríkisins þakin gráum lit og utan kröfusvæðis.

Það athugast að ekki stendur til að uppfæra sérstaklega skriflegar kröfulýsingar íslenska ríkisins frá 9. október 2024 og 14. febrúar 2025, með því að taka þar út tilvísanir til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem nú hefur verið fallið frá kröfum í. Fullnægjandi telst að þær eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem fallið er frá kröfum í, séu merktar í kortasjá með fyrrgreindum hætti (fjólubláum lit).

¹ <https://obyggdanefnd.gis.is/mapview/?app=obyggdanefnd>

Þar sem enn eru talin vera uppi álítaefni um eignarréttarlega stöðu úteyja Vestmannaeyja og Drangeyjar sökum sérstöðu þeirra, hefur íslenska ríkið ákveðið að ekki verði fallið frá kröfum á þeim svæðum, heldur sé rétt fyrir alla hlutaðeigandi að fá úrlausn um þau vafaatriði með úrskurði óbyggðanefndar.

Loks er óskað eftir því að í tilfellum ríkisjarða eða þar sem gagnkröfur hafa ekki komið fram, að óbyggðanefnd rannsaki og úrskurði um eignarréttarlega stöðu þeirra.

Virðingarfyllst,
f.h. fjármála- og efnahagsráðherra,

Edda Andradóttir

Edda Andradóttir, lögmaður